15 ÁRA
# FRÉTTABLAÐIÐ
96. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 25. APRÍL 2016



**Þörf á hertum reglum** Sergei Stanishev, fyrrverandi forsætisráðherra Búlgaríu og forseti Flokks evrópskra jafnaðarmanna, var í Reykjavík í gær. Stanishev segir nauðsynlegt að herða reglur til að koma í veg fyrir skattsvik. Hann vill láta loka öllum skattaskjólum og að þau ríki sem ekki verða samstarfsfús verði sett á svartan lista. Sjá síðu 8 FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Nýr einkaskóli án samnings

**SKÓLAMÁL** „Efnalítið fólk mun ekki geta veitt upp 160 þúsund krónur úr vösum sínum eins og ekkert sé,“ segir Hörður Svavarsson, fulltrúi í fræðsluráði Hafnarfjarðar, um nýjan einkagrunnskóla.

Nýi einkarekni skólinn sem tekur til starfa í Hafnarfirði í haust er fyrir 13 til 15 ára. Skólagjöld verða um 160 þúsund krónur. Forsvarsmenn áætla að Hafnarfjarðarbær greiði hluta kostnaðarins en enginn samningur hefur verið gerður við bæinn. Innritun nemenda er þó hafin

„Við þurfum fyrst að huga að öðrum málum,“ segir Hörður um samningagerðina. – sa / sjá síðu 4



Hörður Svavarsson, fulltrúi í fræðsluráði Hafnarfjarðar

## Viðskiptastjóra vikið úr starfi hjá Arion

**BANKAR** Viðskiptastjóra Arion banka á Akureyri var gert að hætta störfum strax fyrr í þessum mánuði vegna gruns um saknæmt athæfi í störfum hjá bankanum. Ekki er loku fyrir það skotið að málið rati til lögreglu að lokinni innanhússrannsókn í bankanum.

Haraldur Guðni Eiðsson, upplýsingafulltrúi Arion banka, vill lítið tjá sig um málið en staðfestir þó að starfsmaður bankans á Akureyri sé talinn hafa gerst brotlegur við reglur bankans og hafi verið látinn fara um leið og upp komst um málið.

„Ég get staðfest það að málið er til skoðunar innan bankans og varðar brot á reglum sem geta valdið bankanum fjárhagstjóni, að öðru leyti get ég ekki rætt um málið á þessari stundu,“ segir Haraldur Guðni.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins átti viðskiptastjórinn sjálfur í ýmsum viðskiptum og nýtti sér stöðu sína að því leyti. Þannig gat skapast hætta á tjóni fyrir bankann því ekki var tryggt að hagsmunir bankans væru hafðir í öndvegi þegar hans eigin viðskipti voru undir.

Málið er litið alvarlegum augum innan bankans en það hefur ekki verið tilkynnt lögreglu og er í skoðun innan bankans eins og fyrr segir. Komi hins vegar í ljós að um saknæmt athæfi hafi verið að ræða er líklegt að málið fari til lögregluyfirvalda til frekari úrvinnslu.

Viðskiptastjórinn fyrrverandi vill ekki tjá um málið við Fréttablaðið en áréttar að hann telji sig engar reglur hafa brotið. – sa

> Ég get staðfest það að málið er til skoðunar innan bankans og varðar brot á reglum sem geta valdið bankanum fjárhagstjóni.



Haraldur Guðni Eiðsson, upplýsingafulltrúi Arion banka




Viðskiptastjóri Arion banka á Akureyri er jafnvel talinn hafa valdi bankanum fjárhagstjóni. FRÉTTABLAÐIÐ/SVEINN


## Fréttablaðið í dag



**TÍMAMÓT** Rúna Hauksdóttir Hvannberg lýkur öllum sex maraþonum World Marathon Majors keppninnar fyrst íslensk kvenna. 14

**SKOÐUN** Guðmundur Andri skrifar um skúmaskot skattaskjóla. 16

**SPORT** Ólympíufararnir í sundi höfðu yfirburði á ÍM50. 12

**LÍFIÐ** Sigurður Anton Friðþjófsson leggur lokahönd á nýjustu mynd sína, Snjó og Salóme. 22

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ÍSLENSKI JARÐVARMAKLASSINN**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

SAMSUNG
Galaxy S7 edge




1 GB netnotkun eða 1.000 kr. á mán. í 12 mán. fylgir

Samsung Galaxy S7 32GB
139.990 kr. stgr.

Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA

## Veður




Norðankaldi og dálítil él austast, en annars hægari og bjart með köflum. Fremur svalt í veðri. SJÁ SÍÐU 16




Miklar breytingar eru í farvatninu í útlánum LÍN. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Áhersla á ungt fólk hjá LÍN

**MENNTUN** Frumvarp um ný heildarlög LÍN eru komin í kostnaðarmat hjá fjármálaráðuneytinu og er unnið að endanlegri útfærslu. Vonir standa til, eftir heimildum fréttastofu 365, að matinu ljúki jafnvel í næstu viku.

Í frumvarpsdrögum er lögð áhersla á að hvetja ungt fólk til að klára háskólanám sitt fyrr.

Þá kemur fram í ársskýrslu 2014 að sá fimmtungur lánþega sem skuldar mest skuldi samtals um 102 milljarða króna. Það er tæplega helmingur af útlánum lánasjóðsins. **– kbg**

# Við kunnum þetta



Árlegar vorsýningar nemenda í Danslistaskóla JSB hófust með stæl í Borgarleikhúsinu í gær og halda áfram í dag og á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Skoða kosti hleðslustöðva

**KÓPAVOGUR** Umhverfissviði Kópavogs hefur verið falið að meta kosti og galla þess að bærinn setji upp hraðhleðslustöðvar fyrir rafbíla. Bæjarráð samþykkti tillögu um þetta frá Ólafi Þór Gunnarssyni, bæjarfulltrúa Vinstri grænna.

Athugunin á að ná til uppsetningar hraðhleðslustöðva á helstu starfsstöðvum bæjarins og við grunnskóla eða í hverju hverfi. „Jafnframt verði metinn kostnaður og gerð áætlun um uppsetningu ef fýsilegt þykir,“ segir í tillögunni. **– gar**

> Jafnframt verði metinn kostnaður og gerð áætlun um uppsetningu.



Úr tillögu Ólafs Þórs Gunnarssonar bæjarfulltrúa um hraðhleðslustöðvar í Kópavogi

# Blaðamaður sætir farbanni

**TYRKLAND** Hollenskur blaðamaður af tyrkneskum uppruna, Ebru Umar, hefur verið látinn laus úr haldi eftir að hafa komið fyrir dómara í Tyrklandi. Umar var handtekin á sunnudagsmorgun þar sem hún var í fríi í Tyrklandi eftir að hafa tíst ummælum um Recep Tayyip Erdogan, forseta landsins. Ummælin voru hluti af gagnrýnni umfjöllun um Erdogan sem birtist í hollenska blaðinu Metro. Umar sætir nú farbanni en hollenska utanríkisráðuneytið fylgist grannt með framvindu mála. Síðan árið 2014 hafa rúmlega 1.800 blaðamenn verið kærðir fyrir að móðga Erdogan. **– kbg**



**Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands**




# Grímseyingar telja sig svikna af stjórnvöldum

**Kostnaður við ferðir til og frá Grímsey jafnast á við ferðalög til borga í Evrópu. Starfshópur innanríkisráðuneytis skilaði skýrslu um lægri fargjöld fyrir rúmu ári. Fargjöld hafa þó enn ekki lækkað og ferðum með ferjunni ekkert fjölgað.**

**GRÍMSEY** Íbúar í Grímsey eru orðnir langþreyttir á aðgerðaleysi í samgöngumálum eyjarinnar. Ekkert bóli á efndum ríkisstjórnar á gefnum loforðum um lækkað fargjald á flugi til heimamanna.

„Það var samþykkt að það yrði lækkað fargjald til heimamanna,“ segir Jóhannes Gísli Henningsson, formaður hverfisráðs Grímseyjar.

„Við höfum engin svör fengið við því hvenær og hvernig átti að framkvæma þessi loforð, við erum orðin langþreytt en höldum áfram að ýta á eftir aðgerðum,“ segir hann.

Að sögn Jóhannesar er lækkun fargjalda og fjölgun ferða ferjunnar mikið hagsmunamál fyrir íbúa í Grímsey.

„Það segir sig sjálft, fyrir fjölskyldu kostar það álíka mikið að fara úr Grímsey til meginlandsins og að fara í borgarferð til Evrópu,“ segir Jóhannes og bendir á að ýmsa þjónustu sé stundum bráðnauðsynlegt að sækja utan eyjarinnar, svo sem ýmsa sérhæfða læknisþjónustu og annað. „Þetta er okkar þjóðvegur hér á milli og bættar samgöngur eru brýnustu mál okkar.“

Starfshópur sem innanríkisráðherra skipaði árið 2014 um að kanna opinbera gjaldtöku í innanlandsflugi og mögulegar leiðir til að lækka farmiðaverð skilaði skýrslu í fyrra.

Í niðurstöðum starfshópsins er bent á að niðurfelling farþega- og lendingargjalda, svo og niðurfelling virðisaukaskatts á aðföngum í innanlandsflugi, myndi skila að meðaltali 1.700 króna verðlækkun á hverjum fluglegg.

Þá bendir hópurinn á þá leið að bjóða út flugleiðir og skilgreina leyfilegt hámarksverð. Í skýrslunni kom fram að komið hefði til umræðu að bjóða út allar flugleiðir innanlands og skilgreina í útboði leyfilegt hámarksverð.

Sex flugleiðir eru ríkisstyrktar á grundvelli markaðsbrests: Bíldudalur, Gjögur, Grímsey, Þórshöfn, Vopnafjörður og Höfn.

Eftir útgáfu skýrslunnar í febrúar á síðasta ári sagði innanríkisráðherra stjórnvöld ætla að endurskoða álögur og leita leiða til að gera flugið ódýrara.

Jóhannes segir Grímseyinga ekkert hafa heyrt eftir að starfshópur innanríkisráðherra lauk starfi sínu.

„Við höfum heldur ekki heyrt neitt um fjölgun ferða með ferjunni. Það var búið að gefa það út að það ætti að fjölga þeim um 52 ferðir á ári, um eina ferð í hverri viku, þetta var gefið út síðasta haust og fólk hélt að það ætti að koma fljótlega í gegn. Það kom samþykkt frá ríkisstjórn en einhvers staðar strandar það greinilega.“ **kristjanabjorg@frettabladid.is**



Ferðum með Grímseyjarferjunni hefur ekki verið fjölgað og fargjöld í flugi hafa verið ekki lækkuð þrátt fyrir fyrirheit til Grímseyinga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Þetta er okkar þjóðvegur hér á milli og bættar samgöngur eru brýnustu mál okkar.



Jóhannes Gísli Henningsson, formaður hverfisráðs Grímseyjar

# OPEL BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU!

1975 | Bílabúð Benna | 2015

Verð frá:
**3.190.000 KR.**






## Margfaldur sigurvegari.

CAR OF THE YEAR 2016

Opel hefur varla haft undan að taka við verðlaunum og viðurkenningum, frá bílasérfræðinum jafnt sem neytendum, fyrir Opel Astra. Fyrir utan titilinn Bíll ársins í Evrópu, sem er eftirsóttasta viðurkenning sem bílaframleiðendum hlotnast, má nefna Gullna stýrið, Bíll ársins í Danmörku, Bíll ársins í Skotlandi, ásamt sérstakri umhverfisviðurkenningu þar í landi, svo fátt eitt sé nefnt.
**Sjáðu meira á opel.is.**

## Ný Opel Astra.
**Meira en þú átt að venjast.**

OPEL

Bílabúð Benna
Bein leið í 40 ár

**VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR.**

Reykjavík
Tangarhöfða 8
590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16

# OPEL Á ÍSLANDI
Kynntu þér Opel fjölskylduna á benni.is | opel.is

# Samtök ferðaþjónustunnar líða ekki undirboð á vinnumarkaði

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Í okkar huga er á kristaltæru að fyrirtæki, hvort heldur sem er í ferðaþjónustu eða öðrum atvinnugreinum, eiga aldrei að byggja samkeppnisforskot sitt á sjálfboðavinnu,“ segir Skapti Örn Ólafsson, upplýsingafulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar.

Skapti segir það ekki ganga upp í íslenskri ferðaþjónustu ef slík undirboð eru stunduð í samkeppni við fyrirtæki sem stunda heiðarlega og ábyrga atvinnustarfsemi.

Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, ræddi hagnýtingu ferðaþjónustufyrirtækja á sjálfboðaliðum á málþingi Vinnumálastofnunar í síðustu viku. Hann gagnrýndi Samtök ferðaþjónustunnar og sagði aðgerðaleysi þeirra áberandi.



Frést hefur af fyrirtækjum sem vilja ráða til sín sjálfboðaliða í störf sem ættu að vera launuð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

Skapti segir samtökin hvetja fyrirtæki til að hlíta kjarasamningum og standa skil á sköttum og skyldum. „Það er afar brýnt að fyrirtæki í öllum atvinnugreinum standi klár á skyldum sínum gagnvart starfsmönnum og samfélaginu.

„Við líðum ekki að brotið sé á starfsfólki og að okkar mati er mikilvægt að sótt sé að þeim fyrirtækjum sem ekki virða lágmarksákvæði kjarasamninga,“ segir hann.

Skapti tekur fram að í fyrra hafi rúmlega nítján þúsund manns starfað við ferðaþjónustu á Íslandi.

„Þau tilvik sem hafa komið upp að undanförnu eru of mörg, en þó verður að hafa í huga að þau eru aðeins brotabrot af heildinni,“ segir Skapti. „Á mörgum stöðum er regluverk í kringum ferðaþjónustuna mjög veikt og hefur ekki þróast í takt við þroska greinarinnar.“ **– kbg**



**Sérsveitarmaður.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Sérsveitarmenn með í húsleit

**LÖGREGLUMÁL** Fíkniefnadeild lögreglunnar, ásamt sérsveit ríkislögreglustjóra, fór í húsleit við Nýbýlaveg í Kópavogi í gær.

Tveir voru handteknir að sögn Runólfs Þórhallssonar, yfirmanns fíkniefnadeildar. Hann gaf ekki upp hvað fannst í húsleitinni. Grunur hafi verið um brot á lögum um ávana- og fíkniefni.

Aðspurður segir Runólfur alvanalegt sé að sérsveitin komi með þegar fíkniefnadeildin fari í húsleit. **– skh**

**LEIÐRÉTTING**

*Vegna mistaka vantaði niðurlag pistils Sifjar Sigmarsdóttur í helgarútgáfu Fréttablaðsins þann 23. apríl:*

En stundum þarf meira til en almenna tiltekt. Það var, alveg eins og Erdogan, þaulsætinn stjórnmálamaður, forseti haldinn mikilmennsku og með einvaldstilburði, sem minnti okkur á í vikunni að stundum þarf að fara í Ikea og endurnýja skápinn sjálfan.

Ólafi Ragnari Grímssyni er frjálst að gefa kost á sér í stól forseta Íslands þangað til veröldin ferst í ragnarökum. Óbeisluð löngun hans eftir forsetastólnum sjötta kjörtímabilið í röð er hins vegar áminning um að tími er til kominn að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins, meðal annars með það að markmiði að takmarka hve lengi forseti má sitja.

Undir hvaða stól var frumvarpi stjórnlagaráðs um nýja stjórnarskrá aftur stungið? Getur ekki einhver grafið það upp?

# Einkagrunnskóli innritar án þess að hafa samið við bæinn

**Grunnskóli Framsýnar skólafélags hefur starfsemi í Hafnarfirði næsta haust. Skólinn er fyrir 13 til 15 ára og skólagjöldin verða 160 þúsund krónur. Samningur við bæinn liggur ekki fyrir en innritun er hafin. Fulltrúi meirihlutans í fræðsluráði segir ljóst að skólinn verði ekki fyrir börn úr efnalitlum fjölskyldum í bænum.**

**HAFNARFJÖRÐUR** Nýr einkarekinn grunnskóli fyrir 13 til 15 ára börn mun taka til starfa í Hafnarfirði í haust. Hver nemandi mun þurfa að greiða um 160 þúsund krónur fyrir árið. Forsvarsmenn skólans áætla að Hafnarfjarðarbær greiði einnig fyrir hvern nemanda bæjarins en enginn þjónustusamningur hefur verið gerður við bæinn.

„Við munum byrja með 60 nemendur í haust, erum komin með starfsleyfi frá Hafnarfjarðarbæ og menntamálaráðuneytinu og þjónustusamningur við bæinn er í bígerð,“ segir Kristján Ómar Björnsson, einn eigenda fyrirtækisins.

Kristján gerir ráð fyrir að bærinn greiði 75 prósent af reiknuðum kostnaði við hvern nemanda.

„Bænum er svo í fullvald sett að koma í veg fyrir það að við innheimtum skólagjöld með því að greiða fyrir hvern nemanda eins og gert er í almennu skólunum,“ segir Kristján.

Ekki er gert ráð fyrir neinum greiðslum til nýja einkaskólans á fjárhagsáætlun ársins í ár. Ef Hafnarfjarðarkaupstaður ætlar sér að veita fé til skólans þarf sveitarstjórnarlögum að gera viðauka við fjárhagsáætlun ársins og þarf sá viðauki að fara fyrir bæjarstjórn til umræðu og samþykktar.

Hörður Svavarsson, fulltrúi Bjartrar framtíðar í meirihluta fræðsluráðs, segir engan samning liggja á borðinu milli nýja skólans og bæjaryfirvalda. Fræðsluráð hafi því ekki enn samþykkt skólann sem slíkan. Það komi einnig til greina að gera ekki þjónustusamning við skólann í ljósi bágs ásigkomulags bæjarsjóðs.



**Nýi grunnskólinn verður starfræktur við Flatahraun.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Við þurfum fyrst að huga að öðrum málum áður en við semjum við Framsýn skólafélag.**
>
> Hörður Svavarsson, fulltrúi í fræðsluráði Hafnarfjarðar



„Við göngum ekki til samninga með það að markmiði að semja hvað sem það kostar,“ segir Hörður. „Við þurfum fyrst að huga að öðrum málum áður en við semjum við Framsýn skólafélag um nýjan grunnskóla.“

Hörður sagði í lok árs 2015 það vera grundvallaratriði að hugað yrði að jöfnum tækifærum barna til að sækja grunnskólamenntun og sagðist ekki geta stutt skóla ríkra manna elítu, eins og hann orðaði það, og að jafnræði yrði að vera tryggt.

„Efnalitið fólk mun ekki geta veitt upp 160 þúsund krónur úr vösum sínum eins og ekkert sé, það er alveg ljóst,“ segir Hörður Svavarsson.

**sveinn@frettabladid.is**






# Þjóðernissinni sigraði í fyrstu umferð

**AUSTURRÍKI** Norbert Hofer, frambjóðandi Frelsisflokksins í forsetakosningum í Austurríki, sigraði í fyrstu umferð kosninganna í gær. Hann hlaut 37 prósent atkvæða.

Næstur á eftir Hofer var Alexander van der Bellen, úr röðum Græningja, með tæp tuttugu prósent.

Í þriðja sæti varð sjálfstæði frambjóðandinn Irmgard Griss með tæp nítján prósent. Þar sem enginn náði hreinum meirihluta þarf líklega að kjósa aftur á milli þeirra tveggja, sem flest atkvæði fengu, í maí.

Þjóðernishyggjuflokkur Hofers, Frelsisflokkurinn, er einkar andvígur móttöku flóttamanna.

Úrslit kosninganna eru til marks um óvinsældir ríkisstjórnar Jafnaðarmannaflokksins og Alþýðuflokksins. Frambjóðendur flokkanna fengu um 11 prósent í kosningunum hvor um sig. Í fyrsta sinn frá lokum seinni heimsstyrjaldar mun forseti ekki koma úr röðum þessara flokka.

Þingkosningar fara fram í Austurríki 2018. Mælist Frelsisflokkurinn með mest fylgi, rúm þrjátíu prósent. Formaður flokksins, Heinz-Christian Strache, sagði í samtali við fréttastofuna AFP að nú væri upphaf nýrra tíma í stjórnmálum. **– þea**



**Norbert Hofer, forsetaframbjóðandi Frelsisflokksins.** NORDICPHOTOS/AFP

> **Eitt er ljóst. Fólkið er gífurlega óánægt með ríkisstjórnina.**
>
> Norbert Hofer, forsetaframbjóðandi

# NOTAÐIR BÍLAR TIL SÖLU

Skoðaðu úrvalið á notadir.brimborg.is

## Gerðu góð kaup á notuðum bíl
## Mikið úrval gott verð



**TILBOÐ 2.590.000 kr.**
**Renault Clio Sport Tourer Expression** PKM46
Skráður júní 2015, 1,5TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 29.800 km. Í ábyrgð.
Verð: 2.790.000 kr.



**TILBOÐ 2.390.000 kr.**
**Nissan X-Trail LE** THT62
Skráður júlí 2008, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 148.000 km.
Verð: 2.690.000 kr.



**TILBOÐ 7.950.000 kr.**
**Toyota Land Cruiser 200 VX** ERU84
Skráður september 2010, 5,7i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 130.000 km.
Verð: 8.490.000 kr.



**TILBOÐ 3.390.000 kr.**
**Mazda6 Vision** FAB51
Skráður maí 2014, 2,2 SKYACTIV dísil, beinskiptur
Ekinn 50.000 km. Í ábyrgð
Verð: 3.690.000 kr.



**TILBOÐ 3.790.000 kr.**
**Ford Mondeo Titanium** YOX82
Skráður apríl 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 121.000 km.
Ásett verð: 4.290.000 kr.



**TILBOÐ: 3.990.000 kr.**
**Ford Kuga Titanium AWD** VDY51
Skráður júní 2014, 2,0TDCi dísil, beinskiptur
Ekinn 103.000 km. Í ábyrgð
Verð: 4.290.000 kr.



**TILBOÐ 3.490.000 kr.**
**Suzuki Grand Vitara** ZRJ19
Skráður febrúar 2013, 2,4i bensín, beinskiptur
Ekinn 63.000 km.
Verð: 3.950.000 kr.



**VERÐ 4.950.000 kr.**
**Mazda CX-5 Vision** JUZ55
Skráður febrúar 2015, 2,2 SKYACTIV dísil, sjálfskiptur
Ekinn 80.000 km. Í ábyrgð



**VERÐ 1.490.000 kr.**
**Ford Focus Trend Collection** JKN67
Skráður ágúst 2010, 1,6i bensín, beinskiptur
Ekinn 111.000 km.



**VERÐ: 1.190.000 kr.**
**Mazda6 Touring** ZZ817
Skráður febrúar 2007, 2,0i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 162.000 km.



**VERÐ: 3.850.000 kr.**
**Honda CR-V** NJY75
Skráður maí 2011, 1,0i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 80.000 km.



**TILBOÐ: 3.790.000 kr.**
**Nissan Qashqai SE** VTV81
Skráður maí 2013, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 77.000 km.
Verð: 3.990.000 kr.

- Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí
- Hagstætt uppítökuverð
- Allt að 90% fjármögnun í boði, ræddu við ráðgjafa

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg
Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Söludeildir eru opnar
virka daga kl. 9-17
og laugardaga 12-16.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

## Spyr sig um lögmæti sígarettna

**BANDARÍKIN** Bernie Sanders, sem sækist eftir útnefningu demókrata til forsetaframboðs í Bandaríkjunum, setur spurningarmerki við lögmæti sígaretta.

„Sígarettur valda krabbameini, augljóslega, og tugum annarra sjúkdóma. Maður spyr sig hvers vegna þetta sé löglegt vara í okkar landi,“ sagði Sanders í viðtali hjá NBC í gær.

Umræðurnar spruttu úr tali hans um skatt á sykraða drykki. Sanders lýsti sig andvígan skattinum þar sem hann myndi þýða að lágtekjufólk greiddi hærri skatta.

Demókratinn Hillary Clinton hefur nokkurt forskot á Sanders. Clinton hefur stuðning 1.446 fulltrúa en Sanders 1.200. Alls þarf 2.383 til að tryggja sér útnefninguna.

Næst er kosið í Pennsylvaníu. Samkvæmt nýjustu skoðanakönnun NBC mælist Clinton með um 55 prósenta fylgi en Sanders 40 prósenta. – þea

> Sígarettur valda krabbameini, augljóslega, og tugum annarra sjúkdóma. Maður spyr sig hvers vegna þetta sé löglegt vara í okkar landi.



Bernie Sanders, öldungadeildarþingmaður

## Samningi um fríverslun mótmælt




Þessir mótmælendur í Hannover í gervi Angelu Merkel Þýskalandskanslara og Baracks Obama Bandaríkjaforseta voru meðal þúsunda sem í gær mótmæltu í borgum Þýskalands fyrirhuguðum fríverslunarsamningi milli Bandaríkjanna og Evrópusambandsins, TIPP. NORDICPHOTOS/AFP

# Best fyrir jörðina ef við hættum að lifa

**Loftslagsmál hafa verið ofarlega í umræðunni undanfarið en Ísland skrifaði undir samkomulag um hertar aðgerðir í loftslagsmálum. Einnig er unnið að þingsályktun um orkuskipti í samgöngum, segir Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra.**

**UMHVERFISMÁL** „Það væri rosalega gott fyrir jörðina ef við myndum bara hætta að lifa. En það er kannski ekki alveg svarið sem við erum að leita að,“ segir Sigurður Eyberg Jóhannesson sem frumsýndi í síðustu viku heimildarmynd sína Maðurinn sem minnkaði vistsporið sitt.

Myndin fjallar um tilraun Sigurðar til að lifa sjálfbæru lífi í ósjálfbæru samfélagi. Þar reynir Sigurður að ná neyslu sinni inn fyrir mörk sjálfbærni, eins og þau eru skilgreind af aðferðafræði vistsporsmælinga.

„Akútvandinn í dag er koldíoxíðlosun okkar. Hún er ekki bara úr bílunum okkar, hún er í nánast allri framleiðslu sem fer fram í heiminum, allt okkar hagkerfi er keyrt á olíu. Það er stóra vandamálið sem við þurfum að leysa núna,“ segir Sigurður.

„Vistspor heimsins fer stækkandi,“ segir Brynhildur Davíðsdóttir, nýr formaður stjórnar Orkuveitunnar. „Ríkari lönd heimsins þurfa að vinna betur að því að minnka vistspor sitt svo lönd með minna vistspor geti aukið lífsgæði.“

> Allt þetta dót sem við erum alltaf að fylla húsið okkar með og fara svo með á haugana, þetta er allt framleitt með olíu og hefur stórt kolefnisspor.



Sigurður Eyberg Jóhannesson

Ísland á aðild að samkomulagi sem náðist í París í desember um hertar aðgerðir í loftslagsmálum. Í pallborðsumræðum eftir sýningu myndar Sigurðar var rætt hvað Íslendingar gætu lagt af mörkum. Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sagði að fyrir þinglok yrði lögð fyrir þingsályktun um orkuskipti í samgöngum og markmið þeirra lögð fyrir. Enn fremur að fjármagn hefði verið sett til hliðar, í tengslum við loftslagsráðstefnuna í París, sem lagt yrði í uppbyggingu innviða, til dæmis rafbílavæðingu. Eins sé verið að vinna að stórum hugmyndum víða í geiranum varðandi fiskiskipaflotann og orkuskipti þar.

Sigurður segir neyslu stóran hluta vandans. „Allt þetta dót sem við erum alltaf að fylla húsið okkar með og fara svo með á haugana, þetta er allt framleitt með olíu og hefur stórt kolefnisspor. Fyrst og fremst snýst þetta um að draga úr neyslu,“ segir Sigurður Eyberg Jóhannesson.
stefania@frettabladid.is

www.volkswagen.is




Nýr Volkswagen Caddy

**Góður vinnufélagi**

Við kynnum til leiks fjórðu kynslóð af vinsælasta atvinnubíl á Íslandi undanfarin ár. Enn meiri staðalbúnaður, aukið öryggi og öflugri vélar eru aðeins nokkur atriði sem gera hinn nýja Caddy svo aðlaðandi. Nú kemur Caddy líka í fimm og sjö manna fjölskylduútfærslu með nálgunarvara og loftpúðum fyrir ökumanns- og farþegarými.

Nýr Volkswagen Caddy kostar frá
**2.670.000 kr.**
(2.135.226 kr. án vsk)

Atvinnubílar

**HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.**

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

SUZUKI

Way of Life!

# SUZUKI SWIFT

## GERIR LÍFIÐ OG SUMARIÐ SKEMMTILEGRA

KOMDU OG PRÓFAÐU HANN!




**Suzuki Swift** er meðal vinsælastu bíla á Íslandi undanfarin ár enda mjög sparneytinn og með einstaklega skemmtilega akstursseiginleka. Hann er fáanlegur beinskiptur, sjálfskiptur og einnig fjórhjóladrifinn beinskiptur.

Meðal staðalbúnaðar eru vönduð hljómtæki með sex hátölurum, USB tengi, ESP stöðugleikakerfi, sjö öryggisloftpúðar, hiti í sætum og loftkæling.

**Suzuki Swift**
**VERÐ FRÁ**
**2.280.000.**

SUZUKI

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

# Boðar alþjóðlegt átak gegn skattsvikum

**Sergei Stanishev, forseti Flokks evrópskra jafnaðarmanna og fyrrverandi forsætisráðherra Búlgaríu, segir þurfa alþjóðlegt átak gegn skattsvikum og skattaskjólum. Ísland þurfi að herða reglugerðir. Stanishev lofar jákvæða afstöðu formanns Samfylkingarinnar til ESB.**

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is





Sergei Stanishev, forseti Flokks evrópskra jafnaðarmanna og fyrrverandi forsætisráðherra Búlgaríu, var í Reykjavík um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**SKATTAMÁL** Sergei Stanishev, forseti Flokks evrópskra jafnaðarmanna (PES) og fyrrverandi forsætisráðherra Búlgaríu, segir að loka þurfi öllum skattaskjólum. Hann kallar eftir evrópsku sem og alþjóðlegu átaki gegn skattaskjólum og skattsvikum. Stanishev er á Íslandi þessa dagana og talaði um málið á ráðstefnu Samfylkingarinnar á Grand Hóteli í gær.

„Ég er mjög ánægður með að vera á Íslandi og að hafa fengið að taka þátt í góðri ráðstefnu um fjármálakerfið sem samstarfsmenn okkar í Samfylkingunni og leiðtogi þeirra, Árni Páll Árnason, skipulögðu. Við erum mjög ánægð að eiga svona áreiðanlega félaga á Íslandi. Árni er þekktur í okkar samfélagi fyrir jákvæða afstöðu sína gagnvart Evrópusambandinu,“ segir Stanishev og bætir því við að það væri gott fyrir Ísland að halda áfram aðildarviðræðum við Evrópusambandið.

**Loka ætti öllum skattaskjólum**

*Undanfarið hefur þú talað mikið gegn skattaskjólum. Hvers vegna?* „Íbúar Evrópu eru slegnir yfir umfangi skattsvika og mikilli notkun skattaskjóla af hálfu þeirra fjárhagslega sem og stjórnmálalega máttugu. Gert er ráð fyrir að rúmlega billjón evrur af skatttekjum tapist á hverju ári vegna þessa. Það skapar stórt samfélagslegt og pólitískt vandamál. Meðal-Íslendingurinn spyr sig hvers vegna hann þurfi að borga skatta þegar þeir sem ríkari eru gera það ekki,“ segir Stanishev.

Flokkur Stanishevs, PES, samþykkti á dögunum ellefu liða áætlun gegn skattaskjólum og skattsvikum.

„Grunnhugmyndin er sú að skatta skuli greiða þar sem hagnaður verður til. Það þarf einnig að vera mun meira gegnsæi í þessu ferli svo almenningur sé betur upplýstur. Þetta þarfnast mun meiri samvinnu skattayfirvalda í Evrópu og aukins upplýsingaflæðis.“

> Gert er ráð fyrir að rúmlega billjón evrur af skatttekjum tapist á hverju ári.
>
> Sergei Stanishev, forseti Flokks evrópskra jafnaðarmanna

Annar hluti áætlunarinnar er að hugsa hnattrænt. „Jafnvel þótt Evrópa vinni betur saman, sem er nauðsynlegt, þarf samvinnu annarra landa. Þess vegna köllum við eftir alþjóðlegum fundi um skattsvik og skattaskjól. Við þurfum hnattrænar lausnir á vandanum.“

Stanishev segir sömuleiðis sitt mat að loka ætti öllum skattaskjólum. „Ég trúi því að það sé sanngjarnt og það sýni kröfu almennings um réttlæti virðingu. Við þurfum einnig svartan lista yfir svæði sem hafna samstarfi.“

*Ætti að fangelsa þá sem geyma peninga sína í skattaskjólum eða refsa þeim á einhvern hátt?* „Ég held það ætti að benda á þá. Almenningur ætti að vita hver er ekki að leggja sitt af mörkum til samfélagsins. Þetta er spurning um siðferði en ekki bara lög.“

**Ísland þarf að herða reglugerðir**

*Hvað getur Ísland gert til að berjast gegn skattsvikum?* „Það þarf að herða reglugerðir. Það þarf fleiri reglur um gagnsæi og það þarf að loka götum í reglugerðum. Fyrir þessu berst jafnaðarmannafjölskyldan í Evrópu og ég trúi því að Samfylkingin muni setja þetta fram sem stefnumál í komandi kosningum sem mér skilst að verði í haust,“ segir hann.

Þá lofar Stanishev Samfylkinguna sem hann segir hafa komið í veg fyrir að staða Íslands yrði verri en raun bar vitni í kjölfar hrunsins.

„Hún ætti að byggja á þeim árangri og bjóða upp á annan valmöguleika en þann sem nú er í ríkisstjórn. Ég hvet félaga okkar og leiðtoga þeirra til að fara fram með sterka og hugrakka stefnu sem miðar að því að uppræta áhyggjur almennings og gera það á grunni þeirrar jákvæðu reynslu og miklu þekkingar sem Árni Páll Árnason og samstarfsmenn hans búa yfir,“ segir Sergei Stanishev, forseti Flokks evrópskra jafnaðarmanna.

**visir.is** Lengri útgáfu af greininni má lesa á Vísi.








Síldarvinnslan í Neskaupstað setti skólann upphaflega á fót. MYND/KSH

## Sjávarútvegsskólinn til Háskólans á Akureyri

**MENNTAMÁL** Sjávarútvegsfyrirtæki á Austurlandi og Háskólinn á Akureyri hafa undirritað samning um að háskólinn taki að sér að hafa umsjón með starfi Sjávarútvegsskólans. Skólinn er ætlaður nemendum sem nýlokið hafa 9. bekk grunnskóla og er markmið hans að miðla þekkingu í sjávarútvegi til nemenda í sjávarbyggðum og á nærliggjandi svæðum.

Á heimasíðu Síldarvinnslunnar segir frá þessum tímamótum en fyrir hönd háskólans mun Sjávarútvegsmiðstöð hans annast skólahaldið og skólastjóri verður Sigmar Örn Hilmarsson sjávarútvegsfræðingur. Auk hans verða tveir starfsmenn ráðnir til að sinna verkefninu, segir þar.

Á þessu ári verður kennt á sex stöðum á Austurlandi en stefnt er að því að kenna víðar á komandi árum. Kennslustaðir á sumri komandi verða Neskaupstaður, Seyðisfjörður, Fáskrúðsfjörður, Eskifjörður, Vopnafjörður og Höfn. Mun kennslan fara fram í náinni samvinnu við sjávarútvegsfyrirtæki á stöðunum.

Sjávarútvegsskóli Síldarvinnslunnar var stofnaður árið 2013 og var þá einungis kennt í Neskaupstað. Árið 2014 fór kennsla fram í allri Fjarðabyggð og var nafni skólans þá breytt í Sjávarútvegsskóli Fjarðabyggðar. Árið 2015 færði skólinn enn út kvíarnar og til samræmis við það var nafni hans breytt í Sjávarútvegsskóli Austurlands.

Síldarvinnslan hlaut viðurkenninguna menntasproti atvinnulífsins árið 2015 fyrir frumkvæði að stofnun Sjávarútvegsskólans. **– shá**


Sumarið er tíminn
Græjaðu þig upp með vatnsheldum hjólatöskum og bakpokum frá Ortlieb
ERUM FLUTT - NÝTT HEIMILISFANG:
BÆJARLIND 6, 201 KÓPAVOGI
ORTLIEB WATERPROOF
Packman Pro2
Bakpoki - 20 lítra
Kr. 24.800,-
Commuter-Bag
Urban Line
Hjólataska - 14 lítra
Kr. 28.900,-
Back-Roller
Urban Line
Hjólataska - 20 lítra
Kr. 14.900,-
Back-Roller Classic
Hjólatöskur - 2x20 lítra
Kr. 23.900,-
Velocity
Bakpoki - 20 lítra
Kr. 18.900,-
Downtown
Hjólataska - 18 lítra
Kr. 23.900,-
Bike-Shopper
Hjólataska - 20 lítra
Kr. 16.600,-
Söluaðilar:
Byko
Heimkaup
Kría hjól
Markið
Reiðhjólaverzlunin Berlín
Skíðaþjónustan Akureyri
Útilíf, Glæsibæ og Smáralind
Ultimate6 Classic
Stýristaska - 7 lítra
Kr. 15.900,-
FJALLI.IS
Bæjarlind 6 201 Kópavogur
S: 578-5050 www.fjalli.is
Allar vörur ORTLIEB eru 100% ryk- og vatnsheldar með 5 ára ábyrgð

# Svör óskast



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Sú var tíðin á Íslandi að heiður þótti fólginn í því að vera skattakóngur eða -drottning þjóðarinnar. Að vera sá einstaklingur sem greiddi mest allra til uppbyggingar og samneyslu samfélagsins. Þetta viðhorf átti sinn þátt í því að byggja upp og efla innviði íslensks samfélags á ótrúlega skömmum tíma frá sjálfstæði og þéttbýlismyndun. En nú er öldin bókstaflega önnur því einhvers staðar á leiðinni virðist okkur hafa fatast flugið allverulega.

Á árunum eftir aldamót og fram að efnahagshruni myndaðist hér undarleg stemning. Peningar virtust vera upphaf og endir alls í samfélagi sem er í raun ekki hægt að kenna við neitt annað en græðgi. Það var klappað og stappað og forsetinn sagði við heiminn: „You ain't seen nothing yet.“ Það voru orð að sönnu en þó ekki eins og til var stefnt. Íslensku bankarnir hrundu með slíku brambolti að heimurinn hafði vart séð annað eins. Peningarnir voru horfnir út í veður og vind. Eða hvað?

Uppljóstranirnar úr Panama-skjölunum sem hafa verið opinberaðar að undanförnu virðast helst vera vísbending um að þeir fiski sem róa til Panama. Íslendingar hafa sett enn eitt metið og að þessu sinni í eign aflandsreikninga í skattaskjólum, sem eins og Indriði H. Þorláksson, fyrrverandi ríkisskattstjóri, benti nýverið á í pistli á bloggsíðu sinni um þjóðfélagsmál, er ekki til góðs. Indriði tíundar þar eðli skattaskjóla og hversu skaðleg þau eru í raun samfélagi þeirra sem í þau leita með sitt fjármagn með einum eða öðrum hætti. Að ekki sé hægt að eiga í opnum alþjóðlegum viðskiptum án aðkomu skattaskjóla er auðvitað bábilja og fyrirsláttur þeirra sem vilja sannfæra sjálfa sig og aðra um að allt sé þetta með eðlilegum hætti.

Allt virðist þetta vera dapurleg afleiðing af hugsunarhætti sem virðist hafa haldið innreið sína í íslenskt samfélag á fyrstu árum aldarinnar. Að réttur einstaklinga til þess að græða peninga væri öllu æðri og það jafnvel á kostnað velferðar samborgara sinna og samfélags. Ef okkur á að takast að snúa þessari óheillavænlegu þróun við verða allir þeir sem kusu að fara þessa aflandseyjaleið með sitt fjármagn að gera hreint fyrir sínum dyrum. Að svara skýrt og skilmerkilega hvaðan þetta fé er komið og hver tilgangurinn hafi verið með því að halda því fjarri því samfélagi þar sem það var skapað og hefði átt að vera borgurum þess til góðs. Fjölmiðlar, bæði þeir sem hafa Panama-gögnin undir höndum sem og aðrir á borð við Fréttablaðið, hafa þegar kallað eftir svörum við þessum spurningum og þjóðin bíður þeirra svara sem henni ber að fá.

Stjórnvalda er hins vegar að sjá til þess að lokað verði fyrir alla slíka viðskiptahætti og gerninga í framtíðinni. Stjórnvald sem sættir sig við það að afmarkaður hópur stórefnafólks geti tekið fé úr umferð með þessum hætti er ekki stjórnvald sem rær öllum árum að velferð allrar þjóðarinnar.

**Ef okkur á að takast að snúa þessari óheillavænlegu þróun við verða allir þeir sem kusu að fara þessa aflandseyjaleið með sitt fjármagn að gera hreint fyrir sínum dyrum.**






## Halldór




## Frá degi til dags

**Galin grillveisla**

**Hópurinn Beinar aðgerðir boðaði til mótmæla við heimili Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra þann 1. maí. Nokkru síðar, eftir að viðburðurinn var fordæmdur af stórum hópi fólks, var honum breytt í svokölluð meðmæli og tekið fram að hann yrði fjölskylduvænn og börnum Bjarna boðið í veisluna. Meðmælendur ætla sér sum sé að hittast við heimi Bjarna og grilla. Fólki er enn brugðið og viðburðinum er jafn harkalega andmælt og áður þrátt fyrir að heitinu hafi verið breytt. Enda er þetta gjörsamlega galin aðgerð og gróf innrás í friðhelgi einkalífs fjölskyldu Bjarna.**

**Siðferðislega rangt**

**Þeir sem boða til aðgerðanna koma ekki fram undir nafni enda erfitt að ímynda sér að fólki finnist í raun og veru réttlætanlegt að ógna fjölskyldu Bjarna með þessum hætti. Mótmælendur söfnuðust saman við heimili ráðamanna árið 2009. Heiða B. Heiðarsdóttir steig fram og lýsti því yfir á Facebook-síðu viðburðarins að sér þætti vænt um ef atburðinum yrði sleppt. Hann gerði ekkert nema skaða málstaðinn og væri engum til sóma. Hún sagðist enn skammast sín fyrir þátttöku sína árið 2009. Viðbrögð Heiðu eru til sóma. Það er siðferðislega rangt og lúalegt ofbeldi að veitast með þessum hætti að fjölskyldum þeirra sem mótmælin beinast að.**

**kristjanabjorg@frettabladid.is**

# Jafnrétti í íþróttum



Dr. Bjarni Már Magnússon



Dr. Hafrún Kristjánsdóttir
lektorar við HR

Vorið markar tímamót í íþróttalífi landsmanna. Vetraríþróttir víkja fyrir sumaríþróttum. Á þeim tímamótum er heppilegt að ljá máls á nokkrum atriðum er tengjast kynjajafnrétti. Eins og þekkt er njóta kynin jafns réttar samkvæmt stjórnarskránni og lögum landsins. Minna þekkt er að íslenska ríkið hefur skuldbundið sig á alþjóðavettvangi til að tryggja kynjajafnrétti á sviði íþróttamála.

Í g) lið 10. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismunar gagnvart konum – sem Ísland er aðili að – kemur fram að aðildarríkin skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að afnema mismunun gagnvart konum til að tryggja þeim sömu réttindi og körlum á sviði menntunar og skulu sérstaklega tryggja á grundvelli jafnréttis karla og kvenna sömu tækifæri til þess að taka virkan þátt í íþróttum og líkamsrækt. Í c) lið 13. gr. sama samnings segir að aðildarríkin skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir til að afnema mismunun gagnvart konum á öðrum sviðum efnahags- og félagslífs til að tryggja á grundvelli jafnréttis karla og kvenna sömu réttindi, sérstaklega rétt til þess að taka þátt í tómstundastörfum, íþróttum og öllum greinum menningarlífs.

Auk samnings Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismunar gagnvart konum hefur íslenska ríkið undirritað yfirlýsingu Evrópuráðsins sem mætti nefna Íþróttasáttmáli Evrópu (European Sports Charter). Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. hans skal engin mismunun á grundvelli kynferðis heimil varðandi aðgang að íþróttaaðstöðu eða íþróttaiðkun. Á Íslandi styrkir ríkið og sveitarfélög íþróttafélög og -sambönd með margvíslegum hætti. Í ljósi innlendrar löggjafar og alþjóðlegra skuldbindinga íslenska ríkisins má ætla að ríkinu beri skylda til að sjá til að fjárútlát til íþróttafélaga og -sambanda séu í samræmi við lög og þau markmið sem ríkið er bundið af. Því verður að spyrja hvort ekki sé skynsamlegt að íþróttafélög og -sambönd verði skylduð með lögum til að útskýra hvernig þau ráðstafa opinberum styrkjum með tilliti til kynjajafnréttis. Auk þess verður að spyrja hvort ekki sé æskilegt að hið opinbera stöðvi eða hægi á fjárútlátum til íþróttafélaga og -sambanda sem standa sig ekki í jafnréttismálum. Slíkt fyrirkomulag væri í samræmi við lífsspeki hins enskumælandi heims sem segir „put your money where your mouth is“.

**Minna þekkt er að íslenska ríkið hefur skuldbundið sig á alþjóðavettvangi til að tryggja kynjajafnrétti á sviði íþróttamála.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir fanney@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is og Viktoría Hermannsdóttir viktoria@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Í aflöndum er ekkert skjól

**Í DAG**



Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Ég fæ stundum tölvupóst frá alls konar náungum frá löndum þar sem vandræðaástand hefur ríkt. Þeir eiga erindi við minn verri mann. Þeir eru að biðja mig um að gera bankareikning minn að nokkurs konar aflandi fyrir fé sem þeir vilja koma undan af einhverjum ástæðum sem eru stundum tilgreindar í þessum bréfum með löngum raunasögum og afar ótrúverðugum – gegn myndarlegri þóknun að sjálfsögðu. Þeir eru að biðja mig um að vera þeirra skattaskjól. Þeir eru að bjóða mér hlutdeild í þýfi.

**Lágkúra group**

Ég þarf bara fyrst að senda þeim svolítið staðfestingargjald, og öll lykilorðin að öllum mínum reikningum. Þetta eru svindlarar sem reyna að plata mig með því að höfða til míns verri manns. Væri þetta satt – sem það er ekki – væru þeir að bjóða mér hlutdeild í peningum sem ella færu í uppbyggingu í heimalandi þeirra – spítala, skóla, vegi, menntun. Þetta eru náungar sem sjálfsagt eru ekki hátt skrifaðir í stigveldi viðskiptafræðinnar á alþjóðavísu – en ég kem ekki auga á muninn á þeim og svo þeim íslensku „skattasérfræðingum“ sem hjálpa íslenskum auðmönnum við að útbúa skattaskjól í fjarlægum deildum jarðar, með það sjónarmið að leiðarljósi að það sem sé „löglegt“ sé þar með siðlegt, eins og einn þeirra komst að orði í sjónvarpinu.

Þetta er á sama siðferðisstigi. Lítilmótlegar brellur og fjárplógsstarfsemi. Samt er það augljóst að upp úr aldamótum hefur ekki verið maður með mönnum hér á landi í íslenskri auðstétt sem ekki geymdi eignir sínar í slíkum skúmaskotum, með flóknu feluneti. Þetta var menningarástand, tákn um auðlegð og ríkidæmi, svona eins og bótox, alveg burtséð frá því hvernig það liti út. Stöðutákn. Til marks um að maður væri á fyrsta farrými þjóðlífsins.

En í raun og veru lítilsigt og lágkúrulegt – fyrst og fremst mjög sjoppulegt. Það að sérhæfa sig í aflandsfélagabrellum er sambærilegt við það í heimi listanna að sérhæfa sig í þriggja-bolla-trikkinu sem gengur út á að bjóða mönnum að giska á undir hvaða bolla boltinn sé núna.

Sá sem uppvís verður að því að geyma fé sitt utan við samfélag sitt hefur þar með fyrirgert samfélagslegri sæmd sinni. Og mun ekki endurheimta hana með frekju og ofstopa heldur auðmýkt, raunverulegri iðrun og yfirbót. Þetta var nefnilega aldrei spurning um illt innræti einstakra persóna heldur var þetta útbreiddara en svo; þetta var stefna sem sett var af stjórnmálamönnum og hugmyndafræðingum og fylgt fram af harðfylgi.

Þetta háttalag verður til í félagslegu tómarúmi utan við sjálft þjóðlífið sem myndast hefur í viðskipta- og lagadeildum háskólanna, þar sem engin manneskja virðist hafa frétt af siðferðilegum álitamálum (löglegt = siðlegt). Þetta verður til í andrúmslofti þar sem manngildið er algjörlega undir því komið hversu mikil auraráð viðkomandi hefur, peningaleg umsvif, og sýnilegt ríkidæmi – hús, sumarhús, skíðaskálar, snekkjur, veiðiár, bílar – gullkálfaátið allt ... en alveg hefur gleymst að hugsa um hvernig þetta myndi allt líta út í augum þjóðarinnar sem borgaði í raun brúsann með verri kjörum, innlánum sínum, okurvöxtum á útlánum, hærra matarverði, tryggingagjöldum: já, krónukjörum. Það sem vinir mínir í VG og Samfó virtust aldrei almennilega skilja í síðustu ríkisstjórn var að Icesave-málið snerist um þetta: að borga ekki skuldir óreiðumannanna, en láta þá sjálfa gera það úr sínum leynireikningum, sem smám saman eru nú að koma í ljós, nú síðast á vegum eigenda þessa blaðs.

> **Sá sem uppvís verður að því að geyma fé sitt utan við samfélag sitt hefur þar með fyrirgert samfélagslegri sæmd sinni. Og mun ekki endurheimta hana með frekju og ofstopa heldur auðmýkt, raunverulegri iðrun og yfirbót.**

Við gerum samt greinarmun á fótboltamanninum Messi sem fer um löndin og þénar fúlgur á tásnilli sinni – og svo aftur til dæmis íslensku forsætisráðherrahjónunum sem fengu mikið af auði sínum af því að bílaumboð var selt fyrir milljarða sem lánað var fyrir úr Landsbankanum, án þess að lánið væri nokkru sinni greitt – eignarhaldsfélag látið fara á hausinn og allt afskrifað, en peningarnir komnir til Tortóla; verðmæti orðin til í viðskiptum við íslenskan almenning geymd á leynireikningum, sem enn hvílir leynd yfir.

**Leynireikningsskapur**

Þegar fólk starfar meira og minna erlendis, aflar tekna sinna erlendis og býr erlendis, er kannski ekki óeðlilegt að það geymi peningana sína erlendis, hvað sem líður tengslum við land og þjóð. Það er líka ánægjulegt að fólk sé ríkt, hafi það unnið til þess en ekki bara fæðst til þess eða sölsað undir sig almannaeigur, eins og svo margir íslenskir umsvifamenn. Og skiljanlegt að fólk sem efnast af raunverulegum verkum sínum án þess að hafa vit á peningum, fái hjálp frá fagmönnum við að ávaxta þetta fé á skynsamlegan og löglegan máta. Til dæmis listamenn og íþróttamenn.

Það er reyndar aldrei gott að eiga aflandsreikninga, vont afspurnar og bara vont yfirleitt, en það er samt hitt fólkið sem við áfellumst og viljum að sé dregið fram í dagsljósið og látið standa (leyni)reikningssskap gjörða sinna svo að því haldist ekki lengur uppi óþokkabrögð sín gagnvart íslensku samfélagi. Íslensku innrásarvíkingarnir sem tæmdu hér gömul og gróin fyrirtæki, bankastofnanir, tryggingafélög, byggingarvöruverslanir, samgöngufyrirtæki – alls konar þjóðþrifafyrirtæki – með syndarviðskiptum syndarfélaga sem fóru í syndargjaldþrot – en auðurinn streymdi til leynireikninga og var meðal annars notaður til að kaupa á slikk kröfur í gjaldþrota íslenska banka ...

Það er því frumkrafa að við fáum að vita hvaða fólk stendur á bak við félögin sem nú stendur til að gera upp við, áður en lengra er haldið; hvort þar eigi menn unnvörpum í samningaviðræðum við sinn verri mann.

Hreinsum glugga og klæðningar á öllum stærðum húsa



Vanir menn - Vönduð vinnubrögð.

HÚSFÉLAGAÞJÓNUSTAN EHF
Sími 555 6855
www.husfelag.is
husfelag@husfelag.is

GERÐU VINNUNA AUÐVELDARI

CITROËN



Citroën Nemo
2.550.000 kr. m. VSK
2.056.452 kr. án VSK

Citroën Berlingo
2.850.000 kr. m. VSK
2.298.387 kr. án VSK

Citroën Jumpy Langur
4.490.000 kr. m. VSK
3.620.967 kr. án VSK

CITROËN SENDIBÍLAR
HAGKVÆMIR, ÁREIÐANLEGIR OG Á GÓÐU VERÐI

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg
Öruggur staður til að vera á




## Víkingur – 6. sæti

**SPÁ ÍÞRÓTTADEILDAR 365**

| | | |
|---|---|---|
| 1. sæti ? | 5. sæti ? | 9. ÍBV |
| 2. sæti ? | 6. Víkingur | 10. ÍA |
| 3. sæti ? | 7. Fylkir | 11. Víkingur Ólafsvík |
| 4. sæti ? | 8. Fjölnir | 12. Þróttur |

**GENGI VÍKINGS UNDANFARIN SEX SUMUR**

| 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 ↑ | 12 ↓ | 6 ↓ | 2 ↑ | 4 ↑ | 9 ↓ |
| B-deild | A-deild | B-deild | B-deild | A-deild | A-deild |

**STÆRSTA NAFNIÐ SEM KOM**
**Gary Martin**
Treystir á að enski markahrókurinn skori fyrir Víking.

**STÆRSTA NAFNIÐ SEM FÓR**
**Hallgrímur Mar Steingrímss.**
Norðanmaðurinn fór aftur heim í KA á Akureyri.

**ÞJÁLFARI Milos Milojevic**
Serbinn er á sínu fyrsta heila tímabili sem aðalþjálfari Víkings. Metnaðarfullur og taktískur þjálfari sem ætlar sér stóra hluti.

**Í BESTA/VERSTA FALLI**

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 12 | 11 | 10 | 9 | 8 | 7 | 6 | 5 | 4 | 3 | 2 | 1 |

Víkingsliðið er á pappírnum sterkt og með eitt besta framherjapar deildarinnar. Það getur blandað sér í toppbaráttuna.

➜ **Viktor Bjarki Arnarsson er tekinn við fyrirliðabandinu hjá uppeldisfélaginu af Igor Taskovic. Harður miðjumaður sem hefur spilað vel á undirbúningstímabilinu í vetur.**

Nánar á Vísi ›

Lengjan
Í KVÖLD KL. 19:05 SPORT

ÚRSLITIN RÁÐAST Í MEISTARAKEPPNI KSÍ
FH–VALUR
Úrslitin í Meistarakeppni KSÍ ráðast í kvöld þegar Íslandsmeistarar FH mæta bikarmeisturum Vals. Undirbúningur fyrir átökin í deildinni er í algleymingi og titill núna gæti reynst drjúgt veganesti fyrir sumarið. **Ekki missa af Meistarakeppni KSÍ í beinni á Stöð 2 Sport!**
365.is | Sími 1817
365

# Á góðum stað fyrir EM

**Ólympíufararnir standa vel fyrir stórmót sumarsins en þeir höfðu mikla yfirburði í sínum greinum á Íslandsmeistaramótinu í sundi um helgina. Anton Sveinn McKee bætti Íslandsmet.**

**SUND** Aðeins eitt Íslandsmet var bætt í einstaklingsgrein á Íslandsmeistaramótinu í 50 m laug um helgina. Það á sér þó eðlilegar skýringar enda besta sundfólk Íslands búið að ná lágmörkum fyrir Ólympíuleikana í Ríó í ágúst og er nú í æfingum sem taka mið af því að toppa á Evrópumeistaramótinu í London í næsta mánuði.

Þau Anton Sveinn McKee, Eygló Ósk Gústafsdóttir og Hrafnhildur Lúthersdóttir fengu því enga hvíld fyrir mótið um helgina. Þær tvær síðarnefndu eru þó ánægðar með afrakstur helgarinnar.

„Þetta hefur verið skemmtilegt mót og ég hef náð að synda hratt. Bæði hraðar og ekki hraðar en ég bjóst við en miðað við hvar ég er stödd í mínum æfingum þá er þetta mjög fínt,“ sagði Eygló.

### HM gaf góð fyrirheit

Anton Sveinn bætti Íslandsmet sitt í 200 m fjórsundi á laugardag en hann átti einnig stigahæsta sundið sem var í hans sterkustu grein, 200 m bringusundi. Anton Sveinn, Eygló Ósk og Hrafnhildur áttu öll tíu stigahæstu sund mótsins. Anton Sveinn og Kristinn Þórarinsson unnu fimm gullverðlaun hvor um helgina en Eygló Ósk vann sjö gull og Hrafnhildur sex.

Hrafnhildur komst í úrslit í tveimur greinum á HM í Rússlandi síðasta sumar og vonast til að gera það aftur á EM.

„Miðað við hvernig ég stóð mig á HM síðasta sumar, miðað við aðra Evrópubúa, þá ætti ég að standa nokkuð vel. Ég fór í úrslit í tveimur greinum á HM og því ætti ég að geta gert góða hluti á EM,“ sagði Hrafnhildur.

> „Ég fór í úrslit í tveimur greinum á HM og því ætti ég að geta gert góða hluti á EM.
>
> Hrafnhildur Lúthersdóttir



### Spennandi að fá nýja greiningu

Eygló Ósk hefur unnið að því í vetur að vinna úr sundgreiningu sem hún fór í í Frakklandi í lok síðasta árs. Samkvæmt greiningunni átti hún með réttum breytingum inni miklar bætingar í sínum greinum – jafnvel heimsmetstíma.

„Sami maðurinn og tók mig í greininguna mun koma til landsins í vor og þá fæ ég að vita hvort ég hafi náð að bæta tæknina. Það verður spennandi. Ég vona að mér takist að halda áfram á þeirri braut sem ég hef verið á. Það veit maður aldrei hvað gerist.“

**eirikur@365.is**

## Nýjast

**Enska úrvalsdeildin**

| | | |
|---|---|---|
| Man. City | 4–0 | Stoke |
| Bournemouth | 1–4 | Chelsea |
| Liverpool | 2–2 | Newcastle |
| Aston Villa | 2–4 | Southampton |
| Sunderland | 0–0 | Arsenal |
| Leicester | 4–0 | Swansea |

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Leicester | 76 | Crystal Pal. | 39 |
| Tottenham | 68 | Sunderland | 31 |
| Man. City | 64 | Norwich | 31 |
| Arsenal | 64 | Newcastle | 30 |
| Man. Utd. | 59 | Aston Villa | 16 |

**Hvað gerði Gylfi?**
Gylfi Þór Sigurðsson var að vanda í byrjunarliði Swansea sem mátti þola 4-0 tap fyrir toppliði Leicester. Fjarvera Jamies Vardy virtist engin áhrif hafa á meistaraefnin sem þurfa nú fimm stig úr síðustu þremur leikjum sínum til að tryggja sér titilinn.

**Domino's-deild kvenna, lokaúrslit**

**Snæfell - Haukar 75-55**
Snæfell: Haiden Denise Palmer 35/6 fráköst/7 stoðsendingar, Bryndís Guðmundsdóttir 12/11 fráköst, Berglind Gunnarsdóttir 11, Gunnhildur Gunnarsdóttir 9, María Björnsdóttir 4, Alda Leif Jónsdóttir 2, Andrea Björt Ólafsdóttir 2.
Haukar: María Lind Sigurðardóttir 22, Helena Sverrisdóttir 19/16 fráköst, Auður Íris Ólafsdóttir 5/7 fráköst/5 stoðsendingar, Pálína María Gunnlaugsdóttir 3/7 fráköst, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 2, Shanna Dacanay 2, Dýrfinna Arnardóttir 2.
Snæfell á enn möguleika á sínum þriðja Íslandsmeistaratitli í röð eftir að hafa tryggt sér oddaleik í úrslitarimmunni gegn Haukum. Þetta verður í sjötta sinn í sögu Íslandsmótsins þar sem úrslit þess ráðast í oddaleik.

**Olísdeild karla, undanúrslit**

**Haukar - ÍBV 29-24**
Markahæstir: Hákon Daði Styrmisson 10/2 (15/3), Elías Már Halldórsson 5 (10) – Theodór Sigurbjörnsson 13/3 (17/3), Agnar Smári Jónsson 4 (12).
Haukar leiða einvígið, 1-0, en liðin mætast í Vestmannaeyjum í kvöld.

**Valur - Afturelding 22-25**
Markahæstir: Sveinn Aron Sveinsson 6/2 (8/2), þrír með 3 mörk – Pétur Júníusson 5 (7), Jóhann Gunnar Einarsson 5 (9).
Mosfellingar leiða einvígið, 1-0, og geta komist í 2-0 forystu á heimavelli í kvöld.

**Olísdeild kvenna, undanúrslit**

**Stjarnan - Haukar 23-19**
Markahæstir: Þórhildur Gunnarsdóttir 6 (9), Helena Rut Örvarsdóttir 5 (14) – Maria Pereira 7/3 (16/3), Karen Díönud. 4 (11/1).
Staðan í rimmunni er jöfn, 1-1, en næsti leikur verður á miðvikudag.

**Fram - Grótta 19-20**
Markahæstir: Ragnheiður Júlíusdóttir 6/2 (18/3), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 4/1 (4/1) – Lovísa Thompson 6 (12), Þórey Anna Ásgeirsdóttir 6/2 (14/3).
Grótta er með 2-0 forystu í rimmunni og þarf einn sigur í viðbót.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 12.55 | Arsenal - Liverpool | Sport 2 |
| 13.00 | Roma - Napoli | Sport |
| 18.45 | KR - Haukar | Sport 3 |
| 18.50 | Tottenham - WBA | Sport 2 |
| 19.05 | FH - Valur | Sport |
| 21.10 | Messan | Sport |
| 21.10 | Körfuboltakvöld | Sport 3 |

**Domino's-deild karla, lokaúrslit**

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | KR - Haukar | DHL-höllin |

**Olísdeild karla, undanúrslit**

| | | |
|---|---|---|
| 18.30 | ÍBV - Haukar | Vestmannae. |
| 19.30 | Afturelding - Valur | Mosf. |

# DÖNSUM ÞEGAR VIÐ SOFUM

Svefnmynstur heitir útskriftarverkefni **Ionu Sjafnar Huntingdon-Williams** frá Listaháskóla Íslands. Verk hennar, og annarra nema á BA-stigi í myndlistar-, hönnunar og arkitektúrdeild, eru til sýnis á útskriftarsýningu LHÍ í Hafnarhúsinu.

„Við erum alltaf að upphefja hollan lífsstíl, að borða rétt og hreyfa okkur, en svefninn virðist alltaf gleymast. Þó eru þetta þremenningar sem þurfa alltaf að haldast í hendur til að allt smelli. Mig langaði því að hefja og skapa umræðu um svefn með verkefni mínu,“ segir Iona um upphafið að útskriftarverkefni sínu, Svefnmynstur.

Verkefnið var tvíþætt. Annars vegar bjó hún til upplýsingarit um svefn og hins vegar hannaði hún mjúkt flísteppi með abstrakt mynstri sem á að endurspegla hreyfingar fólks í svefni. Mynstrið bjó hún til með því að fylgjast með fólki sofa. „Mér finnst svo fallegt þegar fólk sefur. Það er yfir því mikil kyrrð. Ég verð að viðurkenna að ég hef tekið mjög margar myndir af unnustanum sofandi og notaði þær til að búa til mynstrið en einnig myndir sem foreldrar mínir tóku af okkur systkinunum sofandi, svo og frásagnir fólks af því hvernig það sefur,“ útskýrir Iona og bætir við að oft sé eins og fólk dansi í svefni.



Iona Sjöfn með teppið góða sem verður til sýnis í Hafnarhúsinu fram í maí. MYND/STEFÁN





Hún vill með verkefni sínu hefja og skapa umræðu um svefn og mikilvægi hans. „Ætlunin er þó ekki að predika heldur langar mig til að fólk skilji sinn svefn og rútínu enda þurfa sumir meiri svefn en aðrir,“ segir Iona og segir áhuga sinn á svefni meðal annars sprottinn af svefnleysi samnemenda sinna. „Háskólanemendur, og ekki síst í Listaháskólanum, eru ekki þekktir fyrir að sofa mikið. Þó þurfum við svefn til að geta skapað og gert eitthvað af viti.“

> Mér finnst svo fallegt þegar fólk sefur. Það er yfir því mikil kyrrð. Ég verð að viðurkenna að ég hef tekið mjög margar myndir af unnustanum sofandi og notaði þær til að búa til mynstrið en einnig myndir sem foreldrar mínir tóku af okkur systkinunum sofandi, svo og frásagnir fólks af því hvernig það sefur.
>
> Iona Sjöfn Huntingdon-Williams

Iona segir að sig langi til að vinna áfram með svefninn með einhverjum hætti. „Útskriftarverkefni er jú aldrei lokaverkefni heldur byrjunin á einhverju öðru,“ segir hún glaðlega. Því hugðarefni mun hún þá sinna meðfram vinnu sinni sem grafískur hönnuður hjá auglýsingastofunni Jónsson & Le'Macks þar sem hún hefur störf innan skamms.

**Útskriftarsýningin í Hafnarhúsinu stendur til 8. maí. Nánari upplýsingar um Ionu má finna á www.iona.is.**

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.
Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

TEXASBORGARAR
BLT-SAMLOKA MEÐ FRÖNSKUM 1.490 KR.
Alsæla með spældu eggi og bernaise fyrir klink

2 FYRIR 1
af BLT-samloku með frönskum gegn framvísun þessa miða. Aðeins 1.490 kr. fyrir tvo. Klipptu miðann út og taktu með þér. Gildir til 25. maí 2016.
Nánari upplýsingar á Texasborgarar.is og Facebook

GÆÐI - ENDING - ÁNÆGJA
weber

www.weber.is








Einfaldleikinn ræður ríkjum í hönnun Sigríðar. Vörulínan Salka gengur með hverju sem er. MYND/SIGRÍÐUR PÁLSDÓTTIR

# EINFALDLEIKINN ALLSRÁÐANDI

**Sigríður Hjaltdal Pálsdóttir** keramikhönnuður hannar undir heitinu byBiBi. Hún sýndi nýjar vörur á HönnunarMars, snaga og spegla, en fyrsta vörulína hennar á tíu ára afmæli í ár.

„Hugmyndin að baki Sölku er að notagildið og útlitið haldist í hendur, að hlutirnir virki vel og án þess að við verðum þreytt á forminu,“ segir Sigríður Hjaltdal Pálsdóttir keramikhönnuður en fyrsta vörulína hennar, Salka, er tíu ára í ár.

Sigríður hannar undir heitinu byBiBi. Línan Salka samanstendur af stílhreinum bollapörum, diskum og skálum og segir Sigríður einfaldleikann gegnumgangandi í hönnun sinni. Hún hafi valið svartan og hvítan lit á línuna svo hlutirnir gangi við annað sem fólk eigi í skápunum heima. Þá sé notagildi hvers hlutar margþætt.

„Hver hlutur hefur ólík hlutverk, á kaffibollunum er til dæmis lok. Það má því vel nota þá undir eitthvað annað en drykki, geyma eitthvað í þeim og nota þá þess vegna í öðrum herbergjum en eldhúsinu, inni á baði eða á skrifborðinu. Notandinn velur hlutnum hlutverk. Það eru engir hankar eða handföng á hlutunum. Þeir fara vel í hendi og auðvelt fyrir bæði litlar og stórar hendur að handleika þá,“ útskýrir Sigríður.



Diskar úr hrauni og marmara fengu heitið Stefnir.



Á liðnum HönnunarMars sýndi Sigríður snaga og spegla.

**ÍLENTIST Í BARCELONA**

Sigríður lærði í Myndlista- og handíðaskóla Íslands á sínum tíma og fór í skiptinám til Barcelona sem vatt upp á sig. „Ég kláraði iðnhönnun í Barcelona og bjó svo þar í tíu ár, var þar með vinnustofu og til að byrja með var Salka framleidd í verksmiðju þar. Nú er línan framleidd í Portúgal. Ég flutti svo heim til að leyfa strákunum mínum að fá Ísland í æð. Ég kenni núna í Myndlistarskóla Kópavogs og hef verið að sýna vörurnar mína með North Limited, bæði erlendis og hér heima. Nú síðast á HönnunarMars,“ segir Sigríður en á HönnunarMars sýndi hún diska úr íslensku hrauni og úr marmara sem hún kallar Stefni, auk snaga og spegla. Ætlunin er að bæta hægt og rólega við vörulínu byBiBi.



Sigríður Hjaltdal Pálsdóttir keramikhönnuður hannar undir merkinu byBiBi. Hennar fyrsta vörulína er tíu ára í ár. MYND/STEFÁN

Hvernig gekk á HönnunarMars?

„Sýningin gekk mjög vel. HönnunarMars er frábær vettvangur sem verður bara þéttari og kröftugri með hverju ári. Hönnunarmiðstöð er að vinna frábært starf. Það er því aldrei spurning um annað en að taka þátt þó við séum að sýna erlendis líka. Í haust sýnum við North Limited á Design Festival í London. Það er mikill stuðningur í því að sýna saman og skemmtilegur félagsskapur líka. Við erum að þróa meira út úr samstarfinu, mögulega sameiginlega vöru. Það eru spennandi tímar fram undan.“

# Íslenski jarðvarmaklasinn

25. apríl 2016

**KYNNINGARBLAÐ** Jarðboranir| Bláa lónið | ON | Efla | Orkustofnun KPMG | Landsvirkjun | HS Orka | Reykjanes Geopark | Deilir | HR

## Mikilvægustu skilaboð sem Íslendingar geta sent til annarra

Frá 2010 hefur Iceland Geothermal verið í stöðugum vexti sem samstarfsvettvangur fyrir aðila innan íslenska orkugeirans. Starfsemin hefur eflst innanlands en ekki síður erlendis og þá tengt því að upplýsa erlenda aðila um stöðu orkumála á Íslandi líkt og nú ert gert á ráðstefnu klasans, Iceland Geothermal Conference 2016. Erlendir aðilar hafa að sögn Viðars Helgasonar mikinn áhuga á árangri Íslands.



**Árið 2015 var hlutfall endurnýjanlegrar orku á Íslandi 85 prósent af frumorkunotkun landsins, þar af 66 prósent frá jarðvarma og 20 prósent úr vatnsafli sem er einstakt.**
MYND/ODDGEIR KARLSSON

Fjölmargir erlendir ráðamenn og fyrirtæki hafa að sögn Viðars Helgasonar, klasastjóra Iceland Geothermal, áhuga á þeim merka árangri sem Íslendingar hafa náð í sjálfbærni sem tengist nýtingu orkuauðlinda og í sjávarútvegi. „Hvað snýr að jarðvarma þá geta aðildarfélagar Iceland Geothermal aðstoðað önnur lönd í því að ná betri tökum á nýtingu þessarar auðlindar," segir Viðar.

### Hver er sérstaða orkugeirans á Íslandi?

Á heimsvísu eru um 80% af frumorkuþörf heimsins fengin úr jarðefnaeldsneyti en einungis 20% úr endurnýjanlegum orkugjöfum. Markmið Evrópusambandsins er að árið 2020 komi 20% af endanlegri orkunotkun (hluti af frumorkunotkun) sambandsins frá endurnýjanlegum orkugjöfum og 27% árið 2030.

Árið 2015 var hlutfall endurnýjanlegrar orku á Íslandi 85% af frumorkunotkun landsins, þar af 66% frá jarðvarma og 20% úr vatnsafli sem er að sögn Viðars einstakt. „Þetta er ekki síður áhugavert sé horft til þess að hlutur endurnýjanlegra orkugjafa á Íslandi hefur vaxið stöðugt frá 1940. Sem dæmi má nefna að milli 2005 og 2015 jókst frumorkunotkun landsins um 184% og á sama tíma jókst hlutfall endurnýjanlegrar orku um 10%. Hluti jarðvarmans í að mæta þessari auknu orkuþörf er eftirtektarverður og þá sér í lagi hversu framarlega Íslendingar standa í beinni nýtingu jarðvarma."

> **Á næstu tíu árum gæti Ísland fyrst allra landa náð því að verða fullkomlega sjálfbært þegar litið er til frumorkunotkunar og mun jarðvarmi og mögulega vindorka leika þar veigamikið hlutverk.**
>
> *Viðar Helgason*



**„Skilaboð Íslands verða að vera skýr ætli þjóðin að leggja sitt af mörkum til þess að bregðast við neikvæðum áhrifum af útblæstri gróðurhúsalofttegunda," segir Viðar.**

### Mikilvæg skilaboð til annarra landa um hvaða árangri sé unnt að ná í sjálfbærni

Viðar segir skilaboð Íslands verða að vera skýr ætli þjóðin að leggja sitt af mörkum til þess að bregðast við neikvæðum áhrifum af útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Aðsteðjandi loftslagsvandi jarðarbúa knýr á um að nýting endurnýjanlegra auðlinda Íslands verði að skoða í alþjóðlegu samhengi. „Atvinnulíf, stjórnvöld og almenningur verða að vera á einu máli um að koma á framfæri þessum skilaboðum. Því verður að gera átak í því að upplýsa alla landsmenn um eðli orkuöflunar á Íslandi og ekki hvað síst yngri kynslóð landsins."

Jarðvarmi er einn fárra orkugjafa sem unnt er að fjölnýta og nýta með beinum hætti. Ástæða þess er sú að venjulega er orkulindin sem virkjuð er einungis nýtanleg til að framleiða raforku. Jarðvarma má nýta beint líkt og gert er á lághitasvæðum t.d. í hitaveitur, sundlaugar og varmadælur. Á háhitasvæðum er unnt að framleiða raforku með því að virkja gufu sem borað er eftir. Þegar raforkuferlinu er lokið er stór hluti varmaorkunnar enn ónýttur og má nýta þann hluta frekar. Lágvarma frá raforkuferlinu er t.d. unnt að nýta til upphitunar á vatni. Einnig er unnt að nýta lágþrýsta gufu og ýmis lífræn og ólífræn efni sem er að finna í jarðvarmavökvanum svo og jarðhitagas o.fl. „Á þessu sviði eru Íslendingar mjög framarlega og hefur uppbygging Auðlindagarðsins á Suðurnesjum átt stóran hlut í þeirri þróun," segir Viðar.

### Er jarðvarmi endurnýjanlegur orkugjafi?

Nokkur umræða er og hefur átt sér stað um það hvort jarðvarmi sé endurnýjanleg auðlind. „Þegar slíkt er rætt verður að vera skýrt við hvað er átt, alþjóðlega er jarðvarminn álitinn endurnýjanleg auðlind. Jarðvarmi er í grunninn varmaorka sem flæðir frá kjarna jarðarinnar og er endurnýjanleg í þeim skilningi sé horft til þess tímaramma sem kynslóðir horfa til. Hins vegar verður að gera greinarmun á auðlindinni og nýtingu hennar og þá hvort nýting hennar sé sjálfbær, þ.e.a.s. fær auðlindin tækifæri til að endurhlaða vatnsbirgðir sínar til að framleiða gufu og heitt vatn stöðugt og í langan tíma eða þarf að vinna auðlindina með hléum. Halda verður jafnvægi milli magns þess vökva sem upp er tekinn og vökvans sem náttúrulega streymir inn í kerfið að viðbættri niðurdælingu í það. Íslendingar hafa almennt farið hægt í að virkja sín háhitasvæði og sést það best á því að nýtingarhlutfall jarðvarmavirkjana er yfir 90%, þ.e.a.s. hlutfall klukkustunda á ári sem virkjunin framleiðir fullt afl. Eini orkugjafinn sem er álíka í nýtnihlutfalli er kjarnorka og er það til marks um hversu stöðugur orkugjafi jarðvarmi getur verið," útskýrir Viðar.

### Mun jarðvarmi halda áfram að leika veigamikið hlutverk fyrir Íslendinga?

Orkuskiptin, þ.e.a.s. raforka og endurnýjanlegt vistvænt eldsneyti til að knýja bílaflotann og mögulega hluta skipaflotans, munu að sögn Viðars leiða til þess að orkugeirinn og innlendar orkuauðlindir munu verða enn mikilvægari stoðir atvinnuuppbyggingar og framþróunar samfélagsins. „Á næstu 10 árum gæti Ísland fyrst allra landa náð því að verða fullkomlega sjálfbært þegar litið er til frumorkunotkunar og mun jarðvarmi og mögulega vindorka leika þar veigamikið hlutverk."

# Ísland umræðuvettvangur jarðvarma

**IGC 2016 – Iceland Geothermal Conference** er ætlað að undirstrika mikilvægi jarðhita og vekja athygli á þeirri sérstöðu sem Ísland og íslenskir fagaðilar búa yfir á þessu sviði. Segja má að ráðstefnuröðin IGC á vegum íslenska jarðvarmaklasans (IG) sé eitt helsta flaggskip klasasamstarfsins. Fyrsta ráðstefnan var haldin 2010 og var aðalræðumaður Michael Porter en hann má kalla „guðföður“ klasans.



Hákon Gunnarsson, stofnandi Gekon, Rósbjörg Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Gekon og IGC 2016, og Viðar Helgason, klasastjóri IG. MYND/ANTON

Gekon hóf fyrir hvatningu Michaels Porter vinnu við uppbyggingu klasasamstarfsins. Háskólabíó fylltist og næsta ráðstefna var haldin í mars 2013 en hana sóttu 600 manns af 40 þjóðernum. „IGC 2016 er þriðja ráðstefnan sem samstarfið stendur fyrir og er nú horft til sérkenna Íslands, fjölnýtingarinnar. Undirbúningur hefur gengið mjög vel og nú þegar eru fleiri þjóðerni sem hafa skrá sig til leiks en nokkru sinni, eða um 50 talsins,“ segir Rósbjörg Jónsdóttir, framkvæmdastjóri ráðstefnunnar. Hún segir fyrirlesara á IGC 2016 koma frá öllum heimshornum. „Prófessor Michael Porter hefur sýnt Íslandi og íslenskum jarðvarma sérstakan áhuga og mun vera með eitt af lykilerindum ráðstefnunnar. Hann tengir uppgang íslensks efnahags við meðal annars fjölnýtingu jarðvarmans og reynsla Íslendinga passar mjög við annað í hans kenningabálki sem hefur verið í stanslausri þróun í tæp 40 ár. Auk hans má nefna Adnan Z. Amin forseta IRENA – stærstu alþjóðasamstaka heims á sviði endurnýjanlegrar orku. Enn fremur fjallar Rachel Kyte frá Bretlandi sem er sérstakur aðstoðarmaður Ban Ki-Moon, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, um mikilvægi uppbyggingar sjálfbærra orkuauðlinda fyrir heimsbyggðina,“ upplýsir Rósbjörg.

Alls eru fyrirlestrar á ráðstefnunni vel yfir 60, þar sem kafað verður ofan í lausnir og áskoranir sem fylgja því að hámarka nýtingu jarðvarmans og skapa aukin verðmæti. Rósbjörg segir að áhugamenn um endurnýjanlegar orkuauðlindir ættu ekki að missa af þessari ráðstefnu og auðvelt ætti að vera að finna áhugverða fyrirlestra fyrir hvern og einn.

Árið 2020 verður svo ráðstefnan „World Geothermal Congress“ haldin hér á landi en hún er á vegum Alþjóðajarðhitaráðsins (IGA). „Það voru annars vegar Jarðhitafélag Íslands og hins vegar Samorka sem fóru þess á leit við IG að leiða umsóknarferli Íslands fyrir að ná hingað til lands þessari ráðstefnu. Stjórn IG samþykkti það og undir forystu minni og Bjarna Pálssonar hjá Landsvirkjun tókst Íslandi að landa ráðstefnunni í harðri samkeppni við fimm aðrar umsóknir úr öllum heimsálfum,“ segir Rósbjörg en WGC2020 er talin stærsta ráðstefna sem væntanleg er til landsins.

„Þegar litið verður yfir farinn veg í lok þessa áratugar má segja að Ísland sé orðinn einn helsti alþjóðlegi umræðuvettvangurinn um nýtingu þessa orkugjafa sem er farinn að stilla sér upp við hlið annarra endurnýjanlegra orkugjafa í heiminum í dag,“ segir Rósbjörg.

Nú þegar eru vel yfir 600 manns skráðir á ráðstefnuna og koma gestir af nær 50 þjóðernum. Næsta IGC og sú fjórða í röðinni verður síðan í apríl 2018 þar sem fókusinn verður á fjármögnun jarðvarmaverkefna, áhættustýringu og tryggingarmál.

Dagskrá IGC 2016 má finna hér að neðan.

> **Porter hefur sýnt Íslandi og íslenskum jarðvarma sérstakan áhuga og mun vera með eitt af lykilerindum ráðstefnunnar. Hann tengir uppgang íslensks efnahags meðal annars við fjölnýtingu jarðvarmans.**
>
> *Rósbjörg Jónsdóttir*




Hér má sjá yfirlit yfir þær ráðstefnur sem jarðvarmaklasinn hefur og mun standa fyrir allt frá 2010 og fram til 2020.

## PROGRAM

**Reykjavik · Harpa · 26-29 April, 2016**

**ICELAND GEOTHERMAL CONFERENCE**

IGC2016 is focusing on direct usage, how to develop new opportunities and create value by maximizing the utilization of the geothermal resource. In colloboration with our supporters, speakers and guests, we want to drill deep into three main topics: OPERABILITY, FEASIBILITY, and PRACTICALITY.

**DAY 1 – TUESDAY, APRIL 26**

WELCOME RECEPTION - EXHIBITION AREA - HARPA.

**DAY 2 – WEDNESDAY, APRIL 27**

| | |
|---|---|
| 08:30-10:00 | **Plenary Session Opening Silfurberg A & B hall** |
| | **Opening Speech:** Lilja Alfreðsdóttir, The Minister for Foreign Affairs |
| | **Keynote:** Rachel Kyte, CEO of SE4All and Special Representative of the UN Secretary-General |
| | **Keynote:** Dr. Hörður Arnarson, CEO of Landsvirkjun - National Power Company of Iceland |
| | **Plenary Sessions Moderator:** Hildigunnur H. Thorsteinsson, MD for Research & Development, OR |
| | COFFEE BREAK SPONSORED BY SPX |

**DAY 2 – WEDNESDAY, APRIL 27**

| | Phase A – OPERABILITY | Phase B – FEASIBILITY | Phase C – PRACTICALITY |
|---|---|---|---|
| 10:30-12:30 | **Session A1 – Silfurberg A hall**<br>Resource Operation | **Session B1 – Silfurberg B hall**<br>Risk vs Investment | **Session C1 – Kaldalón hall**<br>Social Impact |
| | Session Chair<br>Sæunn Halldórsdóttir, ISOR | Session Chair<br>Harpa Pétursdóttir, BBA Legal | Session Chair<br>Ragna Árnadóttir, Landsvirkjun |
| 10:30-10:50 | John Farison<br>Calpine<br>Geysir Case study | Gunnar Tryggvason<br>KPMG<br>What is the value of your Geothermal Project Development? | Dr. Loftur Reimar Gissurarson<br>Reykjavik Geothermal<br>Social Impact in Ethiopia |
| 10:55 - 11:15 | Hildigunnur H. Thorsteinsson<br>Reykjavik Energy – OR<br>Reinjection and induced seismicity | Achim Fischer-Erdsiek<br>NW Assekuranz<br>Geothermal Risk Insurance – "It´s all about Standards" | Jóna Bjarnadóttir<br>Landsvirkjun<br>Theistareykir - New Geothermal Power Plant |
| 11:20 - 11:40 | Óskar Pétur Einarsson<br>Verkís<br>Stykkishólmur Geothermal District Heating | Árni Magnússon<br>Mannvit<br>Geothermal Development: Mission impossible? or possibly possible. | Zoltan Salánki<br>EU- Fire EGS<br>The social impact of an EGS demonstration project in Hungary |
| 11:45 - 12:05 | Alvaro Aguilar<br>CFE Mexico<br>Operation of the Cerro Prieto Field | Patrick Dobson<br>Lawrence Berkeley National Lab<br>The Role of Exploration in Accelerating Geothermal Deployment in USA | Dr. Páll Valdimarsson<br>PVald ehf.<br>The Social Impact of Geothermal |
| 12:10 - 12:30 | Guðni Axelsson<br>Iceland GeoSurvey ISOR<br>Olkaría – Kenya | Atli Björn Þorbjörnsson<br>BBA Legal<br>Regulatory Risk | Marietta Sander<br>International Geothermal Associations<br>COP21 & the Paris Agreement: Implications for renewables & the geoth. sector |
| 12:30-13:30 | LUNCH BREAK | 13:30-18:00: FIELD TRIPS. | 19:30-23:00 Network Dinner at Reykjavik Art Museum. |

**DAY 3 – THURSDAY, APRIL 28**

| | Phase A – OPERABILITY | Phase B – FEASIBILITY | Phase C – PRACTICALITY |
|---|---|---|---|
| 08:30 - 10:30 | **Session A2 – Silfurberg A hall**<br>Operation of Power Plant | **Session B2 – Silfurberg B hall**<br>Finance & Opportunity | **Session C2 – Kaldalón hall**<br>Resource Park |
| | Session Chair:<br>Inga Dóra Hrólfsdóttir, Veitur | Session Chair<br>Ágústa Ýr Þorbergsdóttir, Navigo | Session Chair<br>Kristín Vala Matthíasdóttir, HS ORKA |
| 08:30-08:50 | Guðmundur J. Bjarnason<br>DMM<br>Asset management for geothermal plants – what it is and isn´t | Reynir Jóhannsson<br>HS Orka<br>IDDP - Business Case | Dr. Halldór G. Svavarsson<br>Blue Lagoon<br>Society Without Waste: Cultivating Microalgae with Non-Condensable Gases |
| 08:55 - 09:15 | Geir Þórólfsson<br>HS Orka<br>Case - Svartsengi - Reykjanes | Ingi Ingason<br>Efla Consulting<br>Turkish Delight - with geothermal flavour | Stefán Árnason<br>Stolt Sea Farm Iceland<br>Production of Senegalese Sole above the Arctic Circle |
| 09:20 - 09:40 | Sigurður H. Markússon<br>Landsvirkjun<br>Krafla - Electricity generation from an active volcano | Gestur Bárðarson<br>Green Energy Geothermal<br>The developm. of geoth. power projects; Large Scale approach vs Wellhead Approach | Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir<br>Carbon Recycling Int<br>$CO^2$ from geothermal gas to methanol production |
| 09:45-10:05 | Anthony Hinde<br>Exergy<br>Binary plant retrofitting of a single flash steam plant | Julian McDowell<br>Jacob Consultancy<br>A Time to Drill: Geothermal Drilling Costs in a Low Oil Price Climate | Dr. Jefferson W. Tester<br>Cornell University<br>District Heating System at Campus of 30,000 |
| 10:10 - 1030 | Dany Batscha<br>Ormat<br>The Right Technology For A Geothermal Resource, The Puna Example | Adonai Herrera-Martínez<br>EBRD<br>Early stage geothermal develop. support: PLUTO and EBRD's experience in Turkey | Fida Abu Libdeh<br>GeoSilica<br>Utilization of silica in geothermal fluids for silica based health products |
| 10:30 - 11:00 | MORNING BREAK | | |
| 11:00-13:00 | **Session A3 – Silfurberg A hall**<br>Technical Solutions | **Session B3 – Silfurberg B hall**<br>Policy | **Session C3 – Kaldalón hall**<br>District Heating |
| | Session Chair<br>Sunna Björg Reynisdóttir, Efla | Session Chair<br>María E Marelsdóttir, Min. Foreign Affairs | Session Chair<br>Carine Chatenay, Verkís |
| 11.00 - 11:20 | Elín Hallgrímsdóttir and Yngvi Guðmundsson<br>Mannvit and Verkís<br>Geothermal Well Head Units | Gurbuz Gonul<br>IRENA<br>Global Geothermal Alliances | Bjarni Bjarnason<br>Reykjavik Energy<br>District Heating in Reykjavik |
| 11:25 - 11:45 | Dr. Paolo Romagnoli<br>Enel Green Power<br>Enel Green Power | Marie Donnelly<br>European Commission - DG Energy<br>The European Energy Union | Christian Boissavy<br>GEODEEP<br>District Heating in Paris |
| 11:50 - 12:10 | Bjarni Már Júlíusson<br>ON Power<br>The Sulfix Project | Lauren Boyd<br>DOE<br>Major Initiatives and Future Directions of DOE's Geothermal Technologies Office | Susan Sun<br>Arctic Green Energy<br>District Heating China |
| 12:15 - 12:35 | Vigfús Arnar Jósepsson<br>Verkís<br>Steam Seperation System Development Reykjanes - Iceland | Dr. Meseret Zemedkun<br>UNEP<br>East Africa | Philippe Dumas<br>EGEC<br>Market Trend in Europe |
| 12:40-13:00 | Joseph Bonafin<br>Turboden<br>The Velika Ciglena field | Carlos Jorquera<br>Chilean Geothermal Council<br>New Energy Regulation in the Electric Sector – Geothermal Business | Gábor Molnar<br>Mannvit Kft<br>Geothermal Heat Utilization in Central Europe |
| 13:00-14:00 | LUNCH BREAK | | |
| 14:00-15:30 | **Session A4 – Silfurberg A hall**<br>Case Studies | **Session B4 – Silfurberg B hall**<br>European Cooperation | **Session C4 – Kaldalón hall**<br>Innovation |
| | Session Chair<br>Hildur Magnúsdóttir, Iceland Drilling | Session Chair<br>Anna Lilja Oddsdóttir, Orkustofnun | Session Chair<br>Halla Hrund Logadóttir, ISE-RU |
| 14:00-14:20 | Simon Addison<br>Mighty River Power<br>Case Study from New Zealand | Danica Maljkovic<br>Energy Institute Hrvoje Požar<br>Geothermal Energy in Croatia | Birgit Kneschke<br>Verne Global Data Centre<br>Iceland - How Geothermal Power is Transforming the Digital Economy |
| 14:25-14:45 | Sigurður Ingi Friðleifsson<br>Orkusetur<br>Transition from fossil fuels to renewables in Akureyri | Prof. Beata Kepinska<br>Mineral & Energy Econ. Research Inst.<br>Geothermal Energy in Poland | Arna Pálsdóttir<br>Cornell University<br>The co-extraction of lithium & rare earth elements from geothermal waters |
| 14:45-15:05 | Ásgrímur Guðmundsson<br>Landsvirkjun<br>Bjarnarflag - Cascade geothermal utilization and further potentials | Paul Serbanescu<br>Environment Fund Administration<br>The RONDINE Programme | Souheil Saadi<br>Haldor Topsoe<br>Carbon $CO^2$ revenue stream |
| 15:10-15:30 | Albert Genter<br>ÉS Géorthermie<br>The Rittershoffen Case Study | Prof. Cornel Antal<br>University of Oradea<br>Geothermal Possibilities in Romania | Joseph Scherer<br>GreenFire Energy<br>Design of a Closed-Loop supercritical $CO^2$ Geothermal |
| 15:30-16:00 | COFFEE BREAK | | |
| 16:00-18:00 | **Plenary Session Closing, Silfurberg A & B hall** | | |
| | **Keynote:** Ásgeir Margeirsson, CEO of HS Orka | | |
| | **Keynote:** Professor Michael Porter, Harvard Business School | | |
| | **Keynote:** Adnan Z. Amin, Director - General IRENA | | |
| | **Closing Speech:** Ólafur Ragnar Grímsson, President of Iceland | | |

www.geothermalconference.is

IGC

ÚTGEFANDI
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG
visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA
Jóhann Waage| johannwaage@365.is | s. 512-5439
ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson


Búum okkur undir
sjálfbæra framtíð
Arion banki er stoltur styrktaraðili Iceland Geothermal Conference. Við höfum helgað okkur áframhaldandi þróun á sjálfbærum orkulausnum.
Ísland er leiðandi á þessu sviði og við nýtum sérfræðiþekkingu okkar og reynslu til að veita fyrirtækjum, stofnunum og fjárfestum alþjóðlega fjármálaþjónustu.
Arion banki
– fyrir framtíðina






**„Við höfum kannað hug erlendra ferðamanna og spurt þá t.d. hvort þeir hefðu áhuga á að heimsækja aflstöðvar ef þeir kæmu aftur til landsins. Þar svara 50% spurningunni játandi. Því teljum við þetta í raun ónýtt tækifæri, bæði fyrir orkufyrirtækin og ferðaþjónustuna," segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar.** MYND/STEFÁN

# Fjölmörg tækifæri eru fram undan

Íslendingar eiga að halda áfram að vera fyrirmynd á alþjóðavettvangi þegar kemur að orkumálum, að mati Harðar Arnarsonar, forstjóra Landsvirkjunar. Fjölmörg tækifæri eru fram undan, t.d. í samvinnu við ferðaþjónustuna.

Ársfundur Landsvirkjunar fór fram um miðjan apríl og var vel sóttur. Það sem stendur upp úr eftir fundinn, að mati Harðar Arnarsonar, forstjóra Landsvirkjunar, er sterk fjárhagsleg staða fyrirtækisins og gagnlegar umræður um skipulag orkumála hér á landi í framtíðinni.

Fjölmörg tækifæri eru framundan fyrir íslensk orkufyrirtæki. Þannig eykst stöðugt eftirspurn eftir orku, mikil tækifæri felast í aukinni samvinnu orkufyrirtækja og ferðaþjónustunnar og Ísland er í kjöraðstöðu til að halda áfram að vera fyrirmynd á alþjóðavettvangi þegar kemur að vinnslu og nýtingu orku.

Hörður segir að Íslendingar eigi að halda áfram að vera fyrirmynd á alþjóðavettvangi þegar kemur að orkumálum eins og þeir hafa lengi verið. „Ísland er land endurnýjanlegrar orku en um 80% af orkunotkun okkar byggir á henni. Þannig erum við fyrirmynd út á við en þó er mikilvægt að hafa í huga að öll heimsbyggðin þarf að leggja sitt af mörkum enda eru loftslagsmál alþjóðlegt úrlausnarefni. Við björgum ekki heiminum ein og sér."

### Fjölbreyttari eftirspurn

Eftirspurn eftir orku úr ýmsum geirum atvinnulífsins utan stóriðju eykst með hverju árinu, að sögn Harðar. „Sala orku til stóriðju er enn grunnur að starfsemi okkar en fjölbreytileikinn hefur aukist mikið og fleiri fyrirtæki en áður hafa áhuga á að staðsetja sig hér á landi. Þar má m.a. nefna gagnaverin og græna iðnaðinn og aukna notkun rafmagns á almennum markaði, í ferðaþjónustu og rafvæðingu í sjávarútvegi. Einnig má nefna að fyrirtækin PCC á Bakka og United Silicon í Helguvík, sem tilheyra stóriðju, nota einungis 10% af hefðbundinni orkunotkun t.d. álfyrirtækja. Eftirspurnin er því meiri en framboðið sem gerir þetta umhverfi meira krefjandi en um leið áhugavert."

### Frekari tækifæri

Ólíkt því sem margir halda fara hagsmunir orkufyrirtækja og ferðaþjónustunnar vel saman, að sögn Harðar. Hann segir mikil samlegðaráhrif hjá greinunum tveimur enda heimsækja um 10% erlendra ferðamann árlega ýmsar virkjanir auk þess að sækja tengd söfn og sýningar. „Þessum tveimur greinum er stundum stillt upp í umræðunni sem tveimur valkostum; hvort viltu orkuiðnað eða ferðaþjónustu? Okkur finnst engin ástæða til þess enda meiri samlegðaráhrif en ógnanir. Við höfum kannað hug erlendra ferðamanna og spurt þá t.d. hvort þeir hefðu áhuga á að heimsækja aflstöðvar ef þeir kæmu aftur til landsins. Þar svara 50% spurningunni játandi. Því teljum við þetta í raun ónýtt tækifæri, bæði fyrir orkufyrirtækin og ferðaþjónustuna."

### Lykilatriði í baráttunni

Loftslagssamningar munu hafa áhrif á uppbygginu orkuvera á Íslandi enda er endurnýjanleg orka eitt lykilatriða í baráttunni við loftslagsbreytingar. Þar stendur mannkynið frammi fyrir tvíþættum vanda, að sögn Harðar. „Annars vegar þarf að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með breyttri hegðun, minni ferðalögum og breyttu neyslumynstri sem er líklegast óhjákvæmilegt. Hins vegar þarf að nýta sem mest endurnýjanlega orku í stað jarðefnaeldsneytis. Þrátt fyrir að mikil áhersla verði lögð á endurnýjanlega orkuvinnslu næstu áratugi er mikilvægt að hafa í huga að sú orkuvinnsla hefur umhverfisáhrif, hvort sem það er virkjun vatnsafls, vind- eða sólarorku. Umhverfisáhrifin eru til staðar, þótt loftslagsáhrifin séu lítil sem engin."

# Bláa lónið – fjölnýting jarðvarmans

**Bláa lónið** er einstakt dæmi um fjölnýtingu og sjálfbæra nýtingu jarðvarmans, og jafnframt gott dæmi um það hvernig vinna má með náttúruauðlindir til verðmætasköpunar. National Geographic valdi Bláa lónið sem eitt af 25 undrum veraldar.

Bláa lónið er í Auðlindagarðinum í Svartsengi og nýtir fyrirtækið alla auðlindastrauma frá jarðvarmaveri HS Orku. Gestir Bláa lónsins njóta jákvæðra eiginleika jarðsjávarins og er hvíti kísillinn ómissandi hluti upplifunarinnar.

Ása Brynjólfsdóttir, rannsóknar- og þróunarstjóri Bláa lónsins, segir að frekari nýting auðlindastraumanna felist í því að heit gufa sé nýtt við framleiðslu á salti og útblástur frá orkuverinu við framleiðslu á þörungum Bláa lónsins. „Fyrirtækið nýtir einnig hina hefðbundnu strauma, heitt og kalt vatn og rafmagn. Þá eru virk efni jarðsjávarins, kísill, sölt og þörungar, lykilefni í húðvörum Bláa lónsins,“ segir Ása.

> **„Þar ber fyrst og fremst að nefna klínískar rannsóknir á lækningamætti Bláa lónsins á psoriasis sem unnar hafa verið um áratugaskeið, sem og rannsóknir á virkum innihaldsefnum húðvaranna á öldrun húðarinnar, sem unnar hafa verið í samstarfi við erlent rannsóknarteymi sem sérhæfir sig á því sviði.**
>
> *Ása Brynjólfsdóttir*

### Blue Lagoon húðvörur

Að sögn Ásu byggja húðvörur Bláa lónsins á jarðhitavökvanum og virkum efnum hans. „Í hráefnavinnslu Bláa lónsins fer fram vinnsla á virkum efnum jarðsjávarins: kísil, söltum og þörungum til nota í húð- og heilsuvörur fyrirtækisins. Vinnsluferlar eru sjálfbærir og umhverfisvænir,“ segir hún.

### Útblæstri breytt í háverðsafurð

Bláa lónið er leiðandi hér á landi í ræktun smáþörunga, en fyrirtækið hefur ræktað þörunga í 20 ár. Þörungarnir eru ræktaðir í þar til gerðum ljóstillífunarbúnaði við stýrðar aðstæður. „Við hjá Bláa lóninu stigum mikilvægt skref þegar við höfum að nýta $CO_2$-ríkt jarðvarmagas frá jarðvarmaveri HS Orku við ræktun þörunga. Að umbreyta útblæstri jarðvarmavers í háverðsafurðir, líkt og gert er hér á iðnaðarskala, er einstakt á heimsvísu,“ segir Ása.

### Öflugt vísindastarf

Bláa lónið hefur allt frá stofnun fyrirtækisins lagt ríka áherslu á rannsóknir á vistkerfi lónsins og virkni þeirra náttúrulegu efna sem þar er að finna. „Þar ber fyrst og fremst að nefna klínískar rannsóknir á lækningamætti Bláa lónsins á psoriasis sem unnar hafa verið um áratugaskeið, sem og rannsóknir á virkum innihaldsefnum húðvaranna á öldrun húðarinnar, sem unnar hafa verið í samstarfi við erlent rannsóknarteymi sem sérhæfir sig á því sviði,“ segir Ása en Bláa lónið hefur m.a. gert rannsóknir í samstarfi við Jean Krutmann prófessor, einn fremsta sérfræðing heims á sviði öldrunar húðarinnar. „Áralöng þekkingaruppbygging styrkir áframhaldandi nýsköpun og vöruþróun innan Bláa lónsins og gerir fyrirtækið samkeppnishæfara.“



**Ása Brynjólfsdóttir, rannsóknar- og þróunarstjóri Bláa lónsins, segir gesti lónsins njóta jákvæðra eiginleika jarðvarmans.**

### Einkaleyfi

Bláa lónið hefur fengið bæði evrópskt og bandarískt einkaleyfi á snyrtivörum og lyfjum sem byggja á sérstökum blágrænþörungum. Einkaleyfin fela í sér viðurkenningu á þróunarstarfi Bláa lónsins og nýnæmi og uppfinningagildi varanna.



# Jarðboranir hf. í verkefnum víða um heim

Jarðboranir taka þátt í ýmsum verkefnum bæði hér heima og erlendis. Þar á meðal í nýju verkefni á Montserrat.

### Nýtt verkefni á Montserrat

Jarðboranir hf. skrifuðu í byrjun apríl undir samning um borun á eyjunni Montserrat í Karíbahafi. Þetta er þriðja jarðhitaholan sem boruð verður á svæðinu en Jarðboranir boruðu fyrstu tvær holurnar árið 2013. Verkefnið felst í borun á 2.700 metra djúpri holu og fer það eftir afköstum holunnar hvort hún verður notuð sem niðurrennslishola eða vinnsluhola.

Það er afar ánægjulegt fyrir Jarðboranir að hefja aftur starfsemi á Montserrat og vera þátttakandi í að gera eyjuna sjálfbæra í orkuframleiðslu með umhverfisvænum kosti sem jarðhitinn er. Í dag er öll orka á eyjunni framleidd með innfluttri olíu sem keyrð er á dísilrafstöðvum.

### Áætlað er að borun hefjist í ágúst 2016, en undirbúningur er nú þegar í fullum gangi

Jarðboranir skrifuðu í byrjun árs undir samning við Landsvirkjun um borun á 10 jarðhitaholum á Þeistareykjum og í Kröflu. Verið er að flytja borinn Óðin til Íslands frá Nýja-Sjálandi til að vinna við þetta viðamikla verkefni. Að auki er borinn Þór að hefja verkefni fyrir Orku náttúrunnar í apríl og mun í framhaldinu bora fyrir HS Orku hf. síðar á árinu.

### Níkaragva og Filippseyjar

Borinn Týr hefur frá því í september 2015 unnið við framkvæmd samnings fyrir fyrirtækið Polaris í Níkaragva um borun á tveimur jarðhitaholum og viðgerð á fjórum holum þar í landi. Jarðboranir hafa einnig verið með verkefni á Filippseyjum sem er nýlokið en von er á áframhaldandi verkefnum þar í landi.



**Jarðboranir skrifuðu í byrjun árs undir samning við Landsvirkjun um borun á 10 jarðhitaholum á Þeistareykjum og í Kröflu.**



Hjá ON starfar fjölbreyttur hópur starfsfólks og mikil áhersla er lögð á jafnréttismál. Á sumrin ganga sumarstarfsmenn til liðs við fyrirtækið og sinna mörgum mikilvægum verkefnum, svo sem landgræðslu, tækniverkefnum og öðrum sérhæfðum störfum.




ON rekur net hraðhleðslustöðva til að styðja við bílaeigendur sem kjósa í síauknum mæli að ferðast um á rafbíl og ýta undir þróun rafbílanotkunar á Íslandi. Einnig hefur fyrirtækið sett sér markmið í notkun rafbíla í starfsemi sinni.



Háhitaholur á Hengilssvæðinu sækja gufu og vatn úr jarðhitageyminum svo hægt sé að framleiða bæði rafmagn og heitt vatn. Úr holunum koma einnig jarðhitalofttegundir sem ON hyggst þróa aðferðir við að nýta til frekari verðmætasköpunar.

# Áskoranir og tækifæri í jarðhitanýtingu

**Orka náttúrunnar** rekur tvær stærstu jarðvarmavirkjanir landsins, Nesjavallavirkjun og Hellisheiðarvirkjun á Hengilssvæðinu. Þekking, nýsköpun og þróun í nýtingu jarðvarma er lykillinn að sjálfbærri nýtingu auðlindarinnar.

Íslendingar hafa verið í fararbroddi jarðhitanýtingar um langt árabil. Engin þjóð sækir jafn stóran hluta orkunotkunar sinnar í varmann í iðrum jarðar. Ávinningurinn fyrir almenning liggur hvort tveggja í ódýrri húshitun og rafmagni og þeim umhverfislega ávinningi sem jarðhitanýtingunni fylgir umfram nýtingu jarðefnaeldsneytis. Lagning hitaveitu í Reykjavík var bylting, sem skilaði sér í auknum lífsgæðum; minni mengun, bættu heilsufari, sparnaði við húshitun og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda. Í seinni tíð hófst einnig framleiðsla rafmagns í virkjunum á háhitasvæðum sem skila áreiðanlegri og stöðugri framleiðslu rafmagns, og svala nú um þriðjungi af raforkuþörf fyrirtækja og almennings í landinu.

Jarðhitanýtingunni hafa fylgt bæði tækifæri og áskoranir. Hvað eftir annað í um 100 ára tækniþróunarsögu jarðhitanýtingar hér á landi hafa komið upp nýjar áskoranir fyrir vísinda- og tæknifólk að ráða fram úr.

## Eins og vísindaskáldsaga fyrir sumum

Verkfræðingurinn Marta Rós Karlsdóttir er forstöðumaður Auðlinda hjá Orku náttúrunnar. Eitt af viðfangsefnum hennar er að vinna að aukinni sjálfbærni jarðhitanýtingar fyrirtækisins á Hengilssvæðinu þar sem ON rekur tvær stærstu jarðvarmavirkjanir landsins, Nesjavallavirkjun og Hellisheiðarvirkjun. Í sjálfbærninni felst að reksturinn standist umhverfiskröfur, hann þarf að bera sig fjárhagslega og starfsemin verður að vera í sátt við samfélagið sem hann þjónar. Það er því í mörg horn að líta í vinnunni hjá Mörtu Rós.

„Það er í raun stórbrotið að geta nýtt eldvirk svæði á Íslandi til þess að framleiða heitt vatn og rafmagn,“ segir Marta Rós. „Að geta sótt þann kraft sem býr í jörðinni fyrir neðan okkur hljómar í eyrum margra líkt og vísindaskáldsaga eða fjarlæg framtíðarsýn þegar staðreyndin er að Íslendingar hafa nýtt sér þessa orkulind með góðum árangri í áratugi. Íslendingar eru þar meðal frumkvöðla. Þessu fylgir að við höfum bæði uppgötvað kosti og einnig áskoranir jarðhitanýtingar á undan öðrum og þurft að sinna nýsköpun og tækniframförum á eigin spýtur. Það hefur skilað okkur miklu og sú þekking sem býr í sérfræðingum okkar í jarðhitatækni og auðlindanýtingu er afar verðmæt. Þær áskoranir sem við stöndum helst frammi fyrir nú eru brennisteinsvetni, skjálftavirkni og sú eilífa jafnvægislist sem sjálfbær nýting auðlindarinnar er. Orka náttúrunnar hefur tekist á við þessar áskoranir af festu,“ segir Marta Rós og rekur nánar hvað hún á við.

## Áskoranir leiða til alþjóðlegrar nýsköpunar og þróunar

Nýtingu jarðhitans fylgir losun jarðhitalofttegunda, sérstaklega á háhitasvæðum. Hvimleiðasta lofttegundin er brennisteinsvetnið, sem fylgir óþægileg hveralykt. Eftir að rekstur Hellisheiðarvirkjunar hófst árið 2006 fór að bera á umkvörtunum vegna aukins styrks brennisteinsvetnis. „Árið 2011 lýstum við því yfir að brennisteinsvetnið væri stærsti umhverfisvandi sem við ættum við að glíma,“ segir Marta Rós og rifjar upp að sú skoðun hafi verið uppi að fyrirtækið ætti að leysa vandann með hefðbundnum iðnaðarlausnum. „Við þrjóskuðumst við og bentum á að með þeim væri vandinn eingöngu fluttur til, ekki leystur. Eftir stæðu haugar brennisteins eða tankar af brennisteinssýru, sem lítill markaður er fyrir.“

Nýsköpunar- og þróunarverkefnið CarbFix, sem felst í bindingu koltvísýrings í hraunlögum á Hellisheiðinni, hafði komið ON á spor betri lausnar. Að því höfðu íslenskir og erlendir vísindamenn unnið um nokkurra ára skeið. „Vísindafólkinu okkar hjá OR og ON sýndist að hægt væri með sömu aðferð og þróuð var í CarbFix – að leysa lofttegundina upp í vatn og dæla djúpt niður í berggrunninn – að binda brennisteinsvetnið varanlega ofan í jarðhitageyminum, þaðan sem það kom,“ segir Marta Rós. Skemmst er frá því að segja að þetta hefur tekist. Árið 2015 var fyrsta heila rekstrarár lofthreinsistöðvar við Hellisheiðarvirkjun og nú er verið að tvöfalda afköst hennar. Þúsundir tonna af brennisteinsvetni og raunar koltvísýringi líka hafa nú verið bundin í berglögunum við Hellisheiðarvirkjun í formi glópagulls og kalsíts, og hefur aðferðin vakið athygli vísindasamfélagsins um allan heim. Loftmælingar á styrk brennisteinsvetnis í byggð í grennd við virkjunina sýna líka að styrkur þess hefur ávallt staðist þau hertu reglugerðamörk sem sett voru um mitt ár 2014.

Aðrar áskoranir hafa verið í niðurdælingu, sem síðla árs 2011 fylgdi skjálftavirkni við Hellisheiðarvirkjun sem fannst í byggð, þá sérstaklega í Hveragerði. Marta Rós og jarðhitasérfræðingar ON og OR hafa unnið að því í samráði við sveitarstjórnir, jarðvísindafólk Veðurstofunnar og Almannavarnir að þróa verklag við niðurdælinguna til að draga úr hættu á skjálftum. „Skemmst er frá því að segja að frá því við tókum upp nýja verklagið hafa ekki orðið skjálftar sem fundist hafa í byggð, þótt við höfum þó nokkrum sinnum varað við því að þeir gætu orðið. Við munum því áfram fylgja verklaginu fast eftir og reka svæðið með þeirri varúð sem það heimtir,“ segir Marta Rós.

## Tækifærin fram undan

Orka náttúrunnar skrifaði undir loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar veturinn 2015 í aðdraganda Parísarfundarins fræga þar sem biðlað var til leiðtoga heims að leggja allt sitt af mörkum til að sporna við hlýnun jarðar. Þótt losun gróðurhúsalofttegunda sé tiltölulega lítil frá jarðhitavirkjunum og nýting endurnýjanlegra orkulinda líkt og jarðvarmans sé áríðandi, vill ON leggja sitt af mörkum í þeirri baráttu. Eru þar margvíslegar lausnir í sjónmáli.

Nú stefnir ON einnig að fjölnýtingu á þeim efnisstraumum sem frá jarðhitaauðlindunum koma og skapa þannig fjölbreyttari verðmæti. Slík fjölnýting þekkist vel til dæmis á Reykjanesskaga þar sem blómleg fyrirtæki hafa risið við hlið orkuframleiðslunnar.

Að takast á við áskoranir og sjá tækifæri í þeim hefur skilað jarðhitasamfélaginu miklu virði í formi þekkingar, nýsköpunar og þróunar og mun stuðla að því að jarðhitanýting á Íslandi verði áfram í fararbroddi í heiminum. Íslenskir jarðhitasérfræðingar munu halda áfram að deila þekkingu sinni með starfssystkinum sínum víða um heim svo aðrir njóti góðs af þeim mikilvægu verkefnum sem unnið er að hér á landi.



Marta Rós Karlsdóttir, forstöðumaður Auðlinda hjá Orku náttúrunnar.
MYND/PJETUR

**„Það er í raun stórbrotið að geta nýtt eldvirk svæði á Íslandi til þess að framleiða heitt vatn og rafmagn. Að geta sótt þann kraft sem býr í jörðinni fyrir neðan okkur hljómar í eyrum margra eins og vísindaskáldsaga eða fjarlæg framtíðarsýn þegar staðreyndin er að Íslendingar hafa nýtt sér þessa orkulind með góðum árangri í áratugi.**

*Marta Rós Karlsdóttir*

## AÐGERÐIR ON Í LOFTSLAGSMÁLUM

- Hraðhleðslustöðvar sem stuðla að umhverfisvænni samgöngum.
- Rafbílavæðing eigin bílaflota.
- Jarðhitaboranir með rafmagni í stað olíu.
- Viðgerðir á hverflum heimafyrir í stað þess að senda til útlanda.
- Endurheimt staðargróðurs á virkjanasvæðum.




Við erum heppin að náttúran skuli sjá okkur fyrir meira en nóg af orku til að létta okkur lífið svo um munar. Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn til allra landsmanna á samkeppnishæfu verði og sér höfuðborgarbúum fyrir heitu vatni. Við viljum nýta auðlindir af ábyrgð og nærgætni og bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.

**ORKA NÁTTÚRUNNAR**
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is

on
ORKA NÁTTÚRUNNAR




J. Rúnar Magnússon, fagstjóri jarðvarmasviðs EFLU, hefur markvisst byggt upp jarðvarmasvið innan fyrirtækisins og eru verkefni EFLU bæði innan lands og utan.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Stór verkefni í Afríku og Indónesíu

**J. Rúnar Magnússon,** fagstjóri jarðvarmasviðs EFLU, gekk til liðs við fyrirtækið fyrir sjö árum. Rúnar hefur markvisst byggt upp jarðvarmasvið innan fyrirtækisins og eru verkefni EFLU bæði innanlands og utan. Fram undan eru mörg spennandi verkefni tengd jarðvarma víðsvegar um heim, meðal annars í Afríku.

„Við hjá EFLU höfum stækkað töluvert undanfarið og erum nú um 300 manns hjá fyrirtækinu, með starfstöðvar víða um land og erlendis. Jarðvarmasvið EFLU hefur unnið náið með innlendum og erlendum sérfræðingum við þróun og uppbyggingu jarðvarmaverkefna. Meðal innlendra aðila má nefna ÍSOR, Reykjavík Geothermal, Borfélag Íslands, KPMG, Bláa lónið og orkufyrirtæki landsins. Stærsta innlenda jarðvarmaverkefni okkar þessa dagana er aðkoma að virkjun Landsvirkjunar á Þeistareykjum.

Undanfarið höfum við hjá EFLU unnið náið með bandarískum sérfræðingum að jarðvarmaverkefnum en samstarfið hófst í Tyrklandi. Þessi sérfræðifyrirtæki eru Geologica Geothermal Group, Vezades & Associates og tengdir sérfræðingar á þessu sviði. Í kjölfar tveggja velheppnaðra verkefna í Tyrklandi, ákváðum við að auka markvisst samstarfið og höfum við boðið með þeim í ýmis jarðhitaverkefni víða um heim, með góðum árangri. Saman vinnum við nú að tveimur verkefnum, annars vegar Suswa í Kenýa á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og hins vegar verkefni í Chile á vegum ítalska fyrirtækisins Enel. En gaman er að segja frá því að verkefnið í Chile er eitt af fyrstu jarðhitaverkefnum þar í landi. Samstarfið hefur gengið afar vel og við erum að auka þekkingu í hópnum og þróunin á eftir að aukast og fara lengra. Á hvaða formi samstarfið verður á eftir að koma í ljós. Við hjá EFLU viljum kynna þessa samstarfsaðila til leiks hér á Íslandi,“ útskýrir Rúnar.

> **Í Indónesíu höfum verið að vinna fyrir stóran alþjóðlegan aðila síðustu árin við að skoða möguleika á því að nýta jarðhita í staðinn fyrir olíu og kol.**
>
> *J. Rúnar Magnússon*

### Afríka og Indónesía

EFLA og samstarfsaðilar hafa einnig unnið saman að stórum verkefnum í Indónesíu og stefna á frekara samstarf í Afríku. „Í Indónesíu höfum verið að vinna fyrir stóran alþjóðlegan aðila síðustu árin við að skoða möguleika á því að nýta jarðhita í staðinn fyrir olíu og kol, og gera framleiðsluna umhverfisvænni. Þá höfum við einnig sett fókusinn á Afríku og erum að vinna í verkefnum í Kenýa og skoða möguleika á verkefnum í Tansaníu og Eþíópíu,“ segir Rúnar. Við á EFLU höfum einnig unnið töluvert með fjárfestingarsjóðum við þróun á jarðvarmaverkefnum á upphafsstigum. Þar höfum við stillt upp verkefnum í samræmi við áhættuþol fjárfesta og getu til fjármögnunar. Í slíkum verkefnum höfum við séð um forhönnun, hagkvæmnimat á virkjunarkostum og verkefnastýringu.“

### Innlend verkefni

„Á Íslandi höfum við unnið að ýmiss konar jarðhitaverkefnum en á smærri skala. Mín fyrstu kynni af jarðhita voru í kringum árið 1990. Þá vann ég við hönnun og uppsetningu á svokölluðum tvívökvakerfum (e. binary) fyrir hitaveitu Suðurnesja í Svartsengi til að nýta gufu sem fór ónýtt út í loftið. Þessi tækni er notuð um allan heim til að ná betri nýtingu úr jarðhitakerfum og í dag er farið að horfa nánar á þessa tækni hér heima,“ segir Rúnar. „Ég held að lághitaorkuver eigi og muni verða mun algengari hér á Íslandi eftir nokkur ár.“




Mannvit er leiðandi ráðgjafi á sviði jarðhitanýtingar. Sérfræðingar okkar hafa áratugareynslu í þróun tæknilausna, jarðvísindum, borráðgjöf, umhverfisráðgjöf og verkefnastjórnun.

Með þverfaglegri þjónustu getur Mannvit stutt við jarðhitaverkefni á öllum verkstigum og um leið lækkað kostnað, sparað tíma og haldið áætlun.

MANNVIT




Fyrirspurnir um ráðstefnur og fundi: **radstefnur@harpa.is** eða **528 5060**

## Kaldalón
fundarsalur

**Sætafjöldi**
195 sæti (leikhúsuppröðun)
Fastar sætaraðir með áföstum borðum sem leggja má niður

**Tækjabúnaður sem fylgir**
Myndvarpi, sýningartjald, hljóðbúnaður fyrir talað mál, kastari á púlt/svið, hljóðnemi í púlti og tölva fyrir kynningar.

## Ríma
fundarsalur A/B

**Sætafjöldi**
130/66 sæti (leikhúsuppröðun)
100/50 sæti (skólastofuuppröðun)
72/32 sæti (kabarett)
90/40 sæti (hringborð)
144/72 manns (móttaka)

*Salnum er hægt að skipta upp í tvö minni fundarherbergi, herbergi A og herbergi B.*

**Tækjabúnaður sem fylgir**
Myndvarpi, sýningartjald, hljóðbúnaður fyrir talað mál, hljóðnemi í púlti og tölva fyrir kynningar.

## Stemma og Vísa
fundarherbergi

**Sætafjöldi**
20/44 sæti (leikhúsuppröðun)
12/28 sæti (skólastofuuppröðun)
16 sæti (fundarborð)

*Herbergi 1+2 og 3+4 má sameina.*

**Tækjabúnaður sem fylgir**
Myndvarpi, sýningartjald, flatskjár, hljóð fyrir tölvur, tölva fyrir kynningar, tússtafla og flettispjald.

Brandenburg

**www.harpa.is/fundir**

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhúsið í Reykjavík

Austurbakki 2
101 Reykjavík
528 5000

Miðasala
528 5050

# Orkureikningurinn vegur tífalt í Rúmeníu miðað við Ísland

Íslensk hjón með tvö börn á framfæri sem búa í 100 fermetra íbúð og eru með meðaltekjur verja 1,4% af ráðstöfunartekjum sínum í hita og rafmagn. Á sama tíma ver sama fjölskylda í Rúmeníu 14% í hita og rafmagn. Þetta er ein af ástæðum þess að eftirspurn er eftir aðkomu **Orkustofnunar** í orkuáætlunum í Ungverjalandi, Rúmeníu og Portúgal. Þar er mikill vilji til að koma á fót m.a. jarðhitaveitum að íslenskri fyrirmynd til að draga úr kostnaði, félagslegum ójöfnuði og bæta loftgæði í baráttunni við hlýnun jarðar.



Jónas segir Íslendinga byggja á langri og farsælli orkusögu sem önnur lönd geti hagnýtt. Hér er hann við uppistöðulónið Elliðavatn í Kópavogi. MYND/PJETUR

Allt frá gildistöku EES-samningsins hafa EFTA-ríkin innan EES, Noregur, Ísland og Liechtenstein, skuldbundið sig til að leggja sitt af mörkum til að draga úr félagslegum og efnahagslegum ójöfnuði á Evrópska efnahagssvæðinu. Í því felst að þessi lönd fjármagna í gegnum sérstakan uppbyggingarsjóð ýmsar umbætur og uppbyggingu í þeim aðildarríkjum ESB sem lakar standa í efnahagslegu tilliti. Eru það allt lönd í Suður- og Austur-Evrópu. Noregur fjármagnar meirihluta sjóðsins en Ísland leggur til allt að einn milljarð á ári.

Húsin eru 5 til 6 hæða. Fjölmargar stærðir í boði allt frá 98 til 238 fm. Vandaðar íslenskar innréttingar. Hiti í gólfum. Bjartar og rúmgóðar íbúðir með stórum gluggum. Álklætt hús. Glæsileg hönnun að innan sem utan. Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum.

**Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.**

**Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.is**




### BAUGAKÓR 13
- 203 Kóp.
- 5 herb. Jarðhæð.
- 141,8 fm.
- Endaíbúð.
- Bílgeymsla.

**Verð 47,9 millj.**

**Opið hús í dag mánudag**
**á milli kl. 17:00 og 17:30.**




### FJARÐARSEL 7
- 109 Rvk.
- Endaraðhús.
- Mikið uppgert.
- Góðar verandir.
- Bílskúr.

**Verð 46,5 millj.**

**Opið hús þriðjudag**
**á milli kl. 17:30 og 18:00.**




### RAUÐAGERÐI
- 108 Rvk.
- Einbýli.
- 262,6 fm.
- Nýlegt glæsilegt eldhús.
- Sólstofa.
- Innb. bílskúr.

**Verð 83 millj.**
**Opið hús þriðjudag**
**á milli kl. 16:30 og 17:00.**



### VÍÐIHLÍÐ 29
- 105 Rvk.
- Raðhús.
- 281 fm.
- 4 góð svefnherbergi.
- Bílskúr.
- Nýtt járn á þaki.
- Nýmálað að utan.

**Verð 72,5 millj.**



### GALTALIND 10
- 201 Kóp.
- 4ra til 5 herb.
- 144,4 fm.
- 2. hæð.
- Verönd og svalir.
- Bílskúr.

**Verð 47,9 millj.**




### SOGAVEGUR
- 108 Rvk.
- Einbýli.
- 268 fm.
- 3 hæðir.
- Bílskúr.
- Timburverönd.
- Heitur pottur.
- Aukaíbúð.




### VINDAKÓR 10-12
- 203 Kóp.
- 4ra og 5 herb.
- Vandaðar innréttingar.
- Lyfta.
- Bílgeymsla.

Byggingaraðili:
**Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.**
**Opið hús þriðjudag**
**á milli kl. 17:15 og 18:00.**




### SÓLEYJARIMI 13
- 112 Rvk.
- Glæsilegar nýjar íbúðir.
- Sérinngangur.
- 3ja herb.
- 144 fm.
- Mikið útsýni.
- Vandaðar innréttingar.
- Gólfhiti.
- Stutt í þjónstu.



### NÝHÖFN 3
- 210 Gbæ.
- 161 fm.
- Glæsileg 4ra. herb.
- Bílskúr.
- Mikið útsýni.
- Vandaðar innréttingar.

**Verð 61.8 millj.**




### KIRKJUSTÉTT 15
- 113 RVK.
- 106,5 fm
- 4ra herb.
- Endaíbúð.
- Efsta hæð.
- Álklætt hús.
- Stæði í bílageymslu.

**Verð 37,5 millj.**
**Opið hús í dag mánudag**
**á milli kl. 17:00 og 17:30.**

# STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535 1000

Félag Fasteignasala
Þorlákur Ómar Einrarsson
löggiltur fasteignasali

GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI

BORGARTÚNI 30, 105 REYKJAVÍK - STAKFELL@STAKFELL.IS - WWW.STAKFELL.IS


ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON
Framkvæmdastjóri
Löggiltur fasteignasali


AÐALHEIÐUR KARLSDÓTTIR
Löggiltur fasteignasali
gsm 893 2495


STEFÁN HRAFN STEFÁNSSON
Sölustjóri
Hdl. löggiltur fasteignasali
Löggiltur leigumiðlari


GUÐMUNDUR H. VALTÝSSON
Löggiltur fasteignasali,
Viðskiptafræðingur B.Sc.


BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON
Lögfræðingur,
aðstoðamaður
fasteignasala
gsm 660 4777


EINAR S. VALDIMARSSON
Löggiltur fasteignasali
gsm 840 0314


EDWIN ÁRNASON
Löggiltur fasteignasali
gsm 893 2121


SIGURÐUR FREYR SIGURÐSSON
Hdl. og löggiltur
fasteignasali
gsm. 899-1229


HRAFNTINNA VIKTORÍA KARLSDÓTTIR
Lögfræðingur B.A.,
aðstoðamaður
fasteignasala
gsm 820 4242


MATTHILDUR SUNNA ÞORLÁKSDÓTTIR
Aðstoðarmaður
fasteignasala
gsm 690 4966


BERGÞÓRA SIGURÐARDÓTTIR
Skrifstofustjóri

## SKÓGARVEGUR 12-14 - 108 RVK — VERÐ FRÁ: 35,3M



Þú tryggir fast verð með því að kaupa strax.
Vandaðar íbúðir í nýju, fallegu fjögurra hæða fjölbýlishúsi með lyftu í Fossvogi. Öllum íbúðunum fylgir stæði í bílageymslu.

## FURUÁS 25- 221 HFJ — 55M




Sölusýning mánudaginn 25.apríl milli kl 17:00 og 17:30.
Vel skipulagt 233 fm raðhús á tveimur hæðum í nýju raðhúsi við Furuás í Hafnarfirði. Gott skipulag. Afhendingarstig skv. samkomulagi.

## ÁSVEGUR 10 – 101 RVK — 29,9M




Sölusýning mánudaginn 25. apríl kl. 17:30 til 18:00.
Björt og vel skipulögð 74,2 fm 3 herbergja íbúð í kjallara í fallegu húsi við Ásveg 10 í 104 RVK (Laugardalur)

## VINDÁS 2 - 110 RVK — 29,8M




Sölusýning þriðjudaginn 26. apríl kl. 17:30-18:00.
Rúmgóð og vel skipulögð 82,8 fm. íbúð á 4. (efstu) hæð, ásamt 21,8 fm. stæði í bílageymslu, samtals skráðir 104,6 fm. Góð stofa, fallegt eldhús, stór borðstofa, tvö svefnherbergi og baðherbergi. Geymsla innan íbúðar. Gróið umhverfi. Stutt í fallegar gönguleiðir.

## NORÐURBAKKI 17C – 220 HFJ — 45,9M




Sölusýning þriðjudaginn 26. apríl milli kl 17:00 og 17:30.
Falleg 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi með tvennum svölum. Íbúðin skiptist í anddyri, eldhús, stofu/borðstofu, svefnherbergisgang, þrjú svefnherbergi, fataherbergi, þvottahús, baðherbergi, sér geymsla í kjallara og stæði í bílageymslu

## ÖLDUGATA 3 – 101 RVK — 44M




Sölusýning miðvikudaginn 27. apríl milli kl 17:00 og 17:30
Stakfell fasteignasala kynnir í einkasölu 96,3 fm 5 herbergja rishæð í gamla vesturbænum. Vel staðsett, stutt frá miðbænum. Gróið umhverfi.

## HLÉGERÐI 15- 200 KÓP — 57,9M




Sölusýning fimmtudaginn 28. apríl milli kl 17:00 og 17:30
Stakfell fasteignasala kynnir í einkasölu, snoturt einbýlishús á einni hæð með bílskúr í vesturbæ Kópavogs. Stendur á 726 fm lóð. Eignin er skráð 181,6 fm. Sólpallur á baklóð og heitur pottur.

## SVANABYGGÐ Á FLÚÐUM — 21,9M



Vorum að fá í einkasölu fallegan sumarbústað á frábærum og grónum stað rétt við golfvöllinn á flúðum. Húsið er snyrtilegt og fallegt og í topp standi. Húsið er að grunnfleti 62 fm auk 25 fm millilofts eða um 85 fm samtals. Heitur pottur og lítið gufubað á palli. Selst með öllum innanstokksmunum. Laust strax.

## FRAMNESVEGUR 8 - 101 RVK — 94,5M




Gullfallegt, vel skipulagt og rúmgott 178,1 fm. einbýlishús á þessum vinsæla stað í 101. Aukaíbúð með sérinngangi í kjallara. Lokaður garður, yfirbyggður að hluta.

**Vegna mikillar sölu óskum við eftir öllum eignum á skrá.**

**Höfum ákveðinn kaupanda að einbýlishúsi á Seltjarnarnesi.**

**Höfum ákveðinn kaupanda að 2-3 herb. Íbúð í grafarvogi eða mosfellsbæ.**

**Höfum ákveðinn kaupanda að íbúð í 103 – 104 – 105 – 108 Rvk.**

# FASTEIGNASALAN BÆR

www.fasteignasalan.is

Rúnar S. Gíslason hdl., Lögg. fasteignasali



Snorri Sigurfinnsson · Jósep Grímsson · Hafsteinn Þorvaldsson · Ágúst Valsson · Páll Guðjónsson · Guðbergur Guðbergsson · Ómar Guðmundsson · Auður Kristinsdóttir · Lóa Sveinsdóttir · Snorri Sigurðarson



Rúnar S. Gíslason hdl · Sighvatur Lárusson · Óskar Traustason · Kristín B. Garðarsdóttir · Elín Viðarsdóttir · Svavar Þorsteinsson · Sigrún B. Ólafsdóttir · Haraldur Guðjónsson · Halla Sigurgeirsdóttir

## — Sumarhús á Suðurlandi —



### Smalaholt - Grímsnesi

Sumarhús á eignarlóð í Smalaholti í landi Hæðarenda. Háreist timburhús 60 fm að grunnfleti og auk 20 fm svefnloft. Húsið er fokhelt og afhendist í því ástandi nema um annað sé samið. Seljandi á einnig lóðina við hliðina og hún er einnig til sölu. **Verð 12,9 millj.**

**Uppl. veitir Ómar Guðmundsson, sölufulltrúi og nemi til löggildingar í fasteignasölu, sími 696 3559 og omar@fasteignasalan.is**
**eða Snorri Sigurfinnsson, löggiltur fasteignasali**



### Heiðarimi 17- Grímsnesi

Til sölu 70 fm sumarhús í byggingu við Heiðarima 17 í landi Klausturhóla í Grímsnesi. Húsið stendur á eignarlóð á steyptum sökkli, fokhelt með milliveggjum, rafmagn í húsi, inntak fyrir kalt vatn er komið að húsi, hitaveita komin að lóðarmörkum. **Opin fyrir skiptum á íbúð á höfuðborgarsvæðinu 2-3ja herb. helst með bílskúr.**

**Upplýsingar veitir Ágúst Valsson í síma 611 6660 og gusti@fasteignasalan.is**
**eða Guðbergur Guðbergsson löggiltur fasteignasali**



### Merkurlaut 8 - Skeiða- og Gnúverjahreppi

Virkilega snyrtilegt sumarhús. Húsið er að grunnfleti 50,6 fm en rúmgott svefnloft 21,6 fm bætist við þá tölu samtals 70 fm, byggt árið 2006, klætt að utan með viðarklæðningu, járn á þaki, „franskir“ gluggar. Heilsárshús/íbúðarhús. Lóð ca 6.700 fm eignalóð.**Verð 22,9 millj.**

**Uppl. veitir Hafsteinn Þorvaldsson sími 891 8891, hafsteinn@fasteignasalan.is og Snorri Sigurðarson, sími 897-7027, ssig@fasteignasalan.is**
**og Snorri Sigurfinnsson, löggiltur fasteignasali.**



### Brúnavegur 5 - Grímsnesi

Fallegt 77 fm sumarhús á kjarri vaxinni glæsilegri útsýnislóð, eignarlóð ca 1 ha. Læst hlið inn á svæðið. Forstofa, tvö rúmgóð svefnherb, glænýtt baðherb, eldhús og stofa. Svefnloft. Geymsla. Pallar með heitum potti. Hitaveita.

**Ásett verð 24,9 millj.**

**Uppl. veitir Snorri Sigurfinnsson, lögg. fasteignasali sími 864 8090 eða snorri@fasteignasalan.is**



### Kjóabraut 2 - Flúðir

Tveggja hæða 125 fm fullbúið sumarhús. Neðri hæð steypt, efri hæð timbur. Hitaveita. Pallur og heitur pottur. Þrjú stór svefnherbergi, eldhús og stofa, tvö baðherbergi, þvottahús. Sjónvarpshol. Útsýnislóð.

**Ásett verð 32,4 millj.**

**Uppl. veitir Snorri Sigurfinnsson, lögg. fasteignasali sími 864 8090 eða snorri@fasteignasalan.is**



### Miðholt 27 - Reykholti, Biskupstungum

Gott fullbúið 90 fm raðhús á fallegum stað í Reykholti í Biskupstungum. Skráð íbúðarhús en kjörið að nýta sem sumarhús. Forstofa, þvottahús, geymsla, eldhús stofa, tvö herb, baðherb.

**Ásett verð 21,5 millj.**

**Uppl. veitir Snorri Sigurfinnsson, lögg. fasteignasali sími 864 8090 eða snorri@fasteignasalan.is**



### Kjóabraut 11 - Flúðir

60 fm sumarhús með 150 fm palli með heitum potti. 3000 fm eigulóð innst í botnlanga. 8 fm geymsluhús á lóð. Húsið skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, baðherbergi, stofu, borðstofu og eldhús. Ágætar innréttingar og tæki. Parket á gólfi.

**Ásett verð 16,9 millj.**

**Uppl. veitir Snorri Sigurfinnsson, lögg. fasteignasali sími 864 8090 eða snorri@fasteignasalan.is**

## VANTAR - VANTAR

## ALLAR GERÐIR SUMARHÚSA Á SÖLUSKRÁ

## SÍMI 5123400

FRUM - www.frum.is

**Fasteignasalan Bær • Ögurhvarfi 6 • 203 Kópavogur • Sími 512 3400 • Fax 517 6345 • www.fasteignasalan.is**



# 101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

Tjarnargata 4 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is
*Kristín Sigurey Sigurðardóttir - löggiltur fasteignasali*




**Vantar allar gerðir eigna á skrá**



Albert B. Úlfarsson
Löggiltur fasteignasali
albert@hofudborg.is
**gsm: 821-0626**



Höfuðborg Fasteignasala

## Lundur 1, 200 Kóp




**Opið hús í dag mánudag frá kl. 18:15-18:45** Afar vönduð og vel skipulögð 3ja herb. 120,0 fm íbúð á jarðhæð auk stæðis í snyrtilegri bílageymslu í glæsilegu lyftuhúsi á þessum eftirsótta stað í Fossvogsdal. Eins og sérbýli í lúxús fjölbýlishúsi með garði. **Verð 49,9 millj.**

## Sörlaskjól 18, 107 Rvk.




Fallegt 239,2 fm einbýlishús með 42,9 fm tvöföldum bílskúr samtals 282,1 fm. Góð innkeyrsla. Vel skipulagt hús í góðu ásigkomulagi.
Möguleiki á aukaíbúð. Afar skemmtilegt staðsetning við Ægissíðuna, KR svæðið og Háskóla Íslands. **Eignin er til sýnis eftir samkomulagi. Tilboð óskast.**

**Höfuðborg fasteignasala · Hlíðasmára 2, 6. hæð · 414-4488**








# EIGNABORG FASTEIGNASALA ☎ 564 1500

30 ára

Hamraborg 12, Kópavogi, sími 564 1500, fax 554 2030.
Jóhann Hálfdánarson, Vilhjálmur Einarsson, löggiltir fasteigna- og skipasalar

## Skemmuvegur 26 Kópavogi




Til leigu 292,5 m2 atvinnuhúsnæði með innkeyrsluhurðum, mikil lofthæð.
Í húnæðinu er um 25,m2 milliloft.    Afhending fljótlega.



# EIGNABORG FASTEIGNASALA ☎ 564 1500

30 ára

Hamraborg 12, Kópavogi, sími 564 1500, fax 554 2030.
Jóhann Hálfdánarson, Vilhjálmur Einarsson, löggiltir fasteigna- og skipasalar




## Hamraborg 1-3 Kópavogi



Til sölu 5. hæðin í þessu glæsilega húsi sem stendur við Hamraborg 1-3 Kópavogi. Um er að ræða 316 fm (brútto) skrifstofuhæð, vel skipulögð og innréttuð. Mjög snyrtilegt og vel innréttað skrifstofuhúsnæði. Á hæðinni eru nú 7 herbergi, eldhús/kaffistofa, en hægt er að hafa þar allt að 14 herbergi. Glæsilegt útsýni. Þak var endurnýjað 2012 og húsið málað að utan.
**Afhending eignar er 15. nóvember 2016.**



Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




SAFT


Gull
SPORTS DIRECT.com
GAME OF THRONES
ÍSLAND • BANDARÍKIN
25.04.2016
2 HBO
Undirbúðu þig fyrir átökin með fyrstu fimm þáttaröðunum á Stöð 2 Maraþon.
**Tryggðu þér áskrift á 365.is eða í síma 1817.**
Stöð 2 er hluti af 365
©2016 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

## Uppbyggingarsjóður EES




## Meðalverð á orku til húshitunar frá hitaveitu í Evrópu, Bandaríkjunum, Suður-Kóreu og Japan.




## Hlutfall heildarorkukaupa af meðalárslaunum fyrir 100 fermetra íbúðarhúsnæði á Íslandi og í nokkrum styrkþegalöndum EES-sjóðsins.




*Heimild: Talnaefni Orkustofnunar OS-2016-T006-01.*

## Eitt mikilvægasta framlag Íslands í baráttunni við loftslagsbreytingar.




Virkjanir og hitaveitur draga úr kolefnislosun sem svarar til kolefnisbindingar skóglendis sem þekur nær hálft landið ef miðað er við olíu. Þetta er eitt mikilvægasta framlag landsins í baráttunni við loftlagsbreytingar og þjóðin hefur tækifæri á að nýta enn frekar í sátt við umhverfið samhliða því að bæta nýtni og kolefnisjafna rekstur og framkvæmdir.



# Frumkvöðlar og nýsköpun mæta vaxandi skilningi

Öll orkufyrirtækin hér á landi leggja talsverða áherslu á nýsköpun í orkuiðnaði. Stuðningsumhverfið fyrir frumkvöðla er nokkuð gott þar sem ólíkir aðilar koma að, bæði einkafyrirtæki og opinberar stofnanir. Ein grunnforsenda áframhaldandi nýsköpunar er góð samvinna opinberra aðila og einkafyrirtækja.

Það er óhætt að segja að mikil nýsköpun sé í orkuiðnaði hér á landi um þessar mundir. Öll orkufyrirtækin leggja talsverða áherslu á nýsköpun og má nefna uppbyggingu á Reykjanesi, Hellisheiði og Norðurlandi í því samhengi, að sögn Einars Gunnars Guðmundssonar, forsvarsmanns nýsköpunar hjá Arion banka. „Þar snýst allt um að tengja saman ólíka geira, s.s. orku, framleiðslu, ferðaþjónustu og fleiri geira. Virðisaukning mun eiga sér stað þegar þessi tenging verður til. Orkugeirinn snýst ekki bara um að selja rafmagn og hita, heldur að nýta tækifærin til að stuðla að uppbyggingu í fjölbreytileika."

Þessu til viðbótar er stuðningsumhverfið fyrir frumkvöðla á Íslandi býsna gott, að sögn Einars Gunnars. „Icelandic Startups og Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMI) sinna mikilvægu ráðgjafarhlutverki, Íslenski jarðvarmaklasinn einbeitir sér að því að virkja umhverfið og tengja ólík fyrirtæki saman. Svo er vitaskuld viðskiptahraðallinn Startup Energy Reykjavik en þar fá sjö teymi árlega hlutafé frá bakhjörlunum (Arion banka, Landsvirkjun, NMI og GEORG) auk virkrar ráðgjafar frá mentorum sem koma víðs vegar að úr atvinnu- og háskólasamfélaginu. Að fá tækifæri til að kynna eigin hugmynd fyrir tugum mentora, sem rýna til gagns og opna á sitt tengslanet, er ómetanlegt."

**Hlutverk ríkisins er að búa til góða innviði og reyna ekki sjálft að búa til nýsköpun eða stýra henni. Frumkraftur nýsköpunar verður alltaf á hendi frumkvöðlanna. Umgjörð, skattaumhverfi, réttir hvatar fyrir frumkvöðla og fjárfesta skipta þannig gríðarlegu máli af hálfu ríkisins.**

*Einar Gunnar Guðmundsson*

## Samvinna mikilvæg

Ein grunnforsenda nýsköpunar í orkuiðnaði er góð samvinna opinberra aðila og einkafyrirtækja, að sögn Einars Gunnars. „Hlutverk ríkisins er að búa til góða innviði og reyna ekki sjálft að búa til nýsköpun eða stýra henni. Frumkraftur nýsköpunar verður alltaf á hendi frumkvöðlanna. Umgjörð, skattaumhverfi, réttir hvatar fyrir frumkvöðla og fjárfesta skipta þannig gríðarlegu máli af hálfu ríkisins." Hann tekur dæmi af Startup Energy Reykjavik sem dæmi um drifkraftinn frá einkageiranum. „Það er mitt mat að árangurinn sem þar hefur náðst sé einna helst vegna þess hversu vel aðstandendum verkefnisins hefur



„Orkugeirinn snýst ekki bara um að selja rafmagn og hita, heldur að nýta tækifærin til að stuðla að uppbyggingu í fjölbreytileika," segir Einar Gunnar Guðmundsson, forsvarsmaður nýsköpunar hjá Arion banka. MYND/ANTON BRINK

# Ör þróun á næstu áratugum

Ráðgjafarsvið **KPMG** á Íslandi hefur á undanförnum árum markað sér sess sem ráðgjafi fyrir fjárfesta í jarðvarmageiranum á heimsvísu. Gunnar Tryggvason Senior Manager hjá KPMG heldur erindi á Iceland Geothermal Conference um mat á fjárhagslegum áhættum og tækifærum í jarðvarmaverkefnum. Á ráðstefnunni segir Gunnar meðal annars frá reynslu KPMG á þessu sviði.

## Tækniframfarir líklegar til að bylta greininni

„Jarðvarmageirinn er alls ekki stór í samanburði við aðrar endurnýjanlegar orkulindir. Ástæðan er fyrst og fremst sú að jarðvarminn er eingöngu tæknilega aðgengilegur á völdum stöðum í heiminum þ. á m. Íslandi," segir Gunnar. „Sem dæmi voru 18 jarðvarmastöðvar sem framleiða rafmagn gangsettar í heiminum á síðasta ári. Samanlagt afl þeirra er rúmlega 300 megavött, en það jafngildir afli Hellisheiðarvirkjunar, svo dæmi sé tekið."

Hins vegar er mikil þróun á tækni og þekkingu sem gæti valdið mjög hröðum framförum á næstu áratugum og gert jarðvarmanýtingu hagkvæma á fleiri stöðum en raunin er í dag. Ástæða þessa er tvíþætt, að mati Gunnars; annars vegar hafa mörg ríki í vesturheimi tekið upp styrktarkerfi fyrir endurnýjanlega orku sem jarðvarminn nýtur góðs af, og hins vegar nýtur jarðvarmaleit og -vinnsla tækniframfara sem eiga upptök sín í olíugeiranum og á meðan olíuverð var hátt á síðustu árum var miklum fjármunum varið í tækniþróun.

## Fjárfestar úr öðrum greinum

Töluvert er um að fjárfestar úr öðrum geirum líti til jarðvarmans sem fjárfestingarkosts og slíkir aðilar leita til reyndra ráðgjafa sem geta aðstoðað þá við að skilja fjárhagslegar áhættur tengdar jarðvarmaverkefnum. „Sem dæmi aðstoðaði KPMG nýlega evrópskt gasfyrirtæki við fjárfestingar í jarðvarmaverkefnum á Ítalíu og var það fyrsta fjárfesting þess fyrirtækis í þessum geira," segir Gunnar. „Þó leit og vinnsla jarðvarma og gass eigi marga sameiginlega fleti er þónokkur munur þar á og þá kemur til okkar kasta að skýra muninn.

KPMG er einnig að vinna fyrir fjárfestingarsjóði sem hyggjast fjárfesta í jarðvarmageiranum og í þeim tilfellum erum við að þjónusta viðskiptavini sem eru með mikla og sérhæfða þekkingu á öðrum endurnýjanlegum orkugjöfum, s.s. vindi og sólarorku, en leita til okkar þar sem þeir gera sér grein fyrir eðlismun þessara greina og jarðvarmans," segir Gunnar.

## Íslensk reynsla mikilvæg

„Þekking og reynsla íslenskra vísindamanna er þekkt og rómuð víða. Þar sem uppbygging fjármálaþekkingar á þessu sviði hjá KPMG er fremur nýlega tilkomin í samanburði við tækniþekkingu Íslendinga þá hjálpar það verulega í okkar markaðssetningu að geta vísað til reynslu félaga okkar hér heimafyrir á tæknisviðinu. Verkefni okkar eru bæði sjálfsprottin þar sem fjárfestar leita til íslenskra skrifstofunnar beint en einnig þannig að erlendar skrifstofur KPMG leita til þeirrar íslensku fyrir hönd sinna viðskiptavina," heldur Gunnar áfram.

Erindi Gunnars á ráðstefnunni Iceland Geothermal Conference fjallar um nýja nálgun við mat á fjárhagslegri áhættu jarðvarmaverkefna. Aðferðin hefur einmitt verið þróuð í öðrum geirum endurnýjanlegrar orku, s.s. vindorku og sólarorku, og nefnist á ensku „Decoupled Net Present Value" eða DNPV og hefur KPMG á Íslandi aðlagað hana áhættuþáttum jarðvarmaverkefna. Segir Gunnar að aðalkostur hennar sé að mat á áhættuþáttum sé mun gegnsærra og auðskiljanlegra en í þeim aðferðum sem oftast eru notaðar í þessum fræðum.



Gunnar Tryggvason Senior Manager hjá KPMG heldur erindi á Iceland Geothermal Conference um mat á fjárhagslegum áhættum og tækifærum í jarðvarmaverkefnum. MYND/STEFÁN

**Jarðvarmageirinn er alls ekki stór í samanburði við aðrar endurnýjanlegar orkulindir. Ástæðan er fyrst og fremst sú að jarðvarminn er eingöngu tæknilega aðgengilegur á völdum stöðum í heiminum þ. á m. Íslandi.**

*Gunnar Tryggvason*



stuðla að uppbyggingu í fjölbreytileika," segir Einar Gunnar Guðmundsson, forsvars-

**Það er mikilvægt að einkageirinn haldi áfram að fóstra umhverfið, t.d. með viðskiptahröðlunum (Startup Reykjavik, Startup Energy, Startup Tourism) en þar fá ung fyrirtæki raunverulegt tækifæri til að verða lífvænleg. Icelandic Startups hjálpar fyrirtækjum að sækja inn á alþjóðaumhverfið. Klasarnir í jarðvarma og ferðaþjónustu tengja ung fyrirtæki við þau þroskaðri.**

*Einar Gunnar Guðmundsson*

tekist að vinna saman. Það sem ríkið hefur gert vel er að búa til sífellt betri umgjörð fyrir frumkvöðla og fjárfesta, s.s. með endurgreiðslu á þróunarkostnaði, skattaafslætti fyrir fjárfesta sem leggja fyrirtækjum til fjármagn, skattaafslætti fyrir erlenda sérfræðinga og fleira. Ég vil svo nefna Tækniþróunarsjóð sérstaklega, sem er afskaplega mikilvægur fyrir íslenskt tækni- og frumkvöðlaumhverfi. Þar er ríkið í mikilvægu hlutverki."

Aðspurður um dæmi um vel heppnaða nýsköpun í orkugeiranum nefnir hann fyrst fyrirtækið Keynatura en það stefnir á framleiðslu andoxunarefnisins astaxanthin úr þörungum. „Þar er verið að nýta jarðvarma og og ylræktarþekkingu í bland við líftækni. Einnig má nefna DT Equipment, en það hefur þróað tækni til að efnagreina ál í álkerjum í rauntíma. Svo finnst mér afar áhugavert hvernig orkuiðnaðurinn og ferðaþjónustan tengjast sífellt meir. Aðsókn í Hellisheiðarvirkjun og Ljósafossvirkjun er dæmi þess. Við munum sjá fjölda nýrra innviða- og þjónustufyrirtækja sækja meira í samþættingu þessara tveggja ólíku en skyldu greina."

## Bjartsýnn á framtíðina

Einar horfir björtum augum til næstu ára, ekki síst þar sem allur fjölbreytileiki og aðgengi að þjónustu fyrir ung fyrirtæki hefur batnað mikið undanfarin ár. „Það er mikilvægt að einkageirinn haldi áfram að fóstra umhverfið, t.d. með viðskiptahröðlunum (Startup Reykjavik, Startup Energy, Startup Tourism) en þar fá ung fyrirtæki raunverulegt tækifæri til að verða lífvænleg. Icelandic Startups hjálpar fyrirtækjum að sækja inn á alþjóðaumhverfið. Klasarnir í jarðvarma og ferðaþjónustu tengja ung fyrirtæki við þau þroskaðri. Sjávarklasinn á Grandanum og fleiri bjóða skrifstofuaðstöðu fyrir fyrirtæki úr ólíkum geirum. Þar ægir öllu saman og ég tel víst að úr slíkum suðupotti spretti upp ný verkefni og aðgengi fyrirtækja að fjármagni."

Allt eru þetta einkaaðilar, að sögn Einars Gunnars, sem sjá sér hag í því að vinna enn meira og nánara með umhverfinu og styrkja það um leið. „Inni í öllum þessum fyrirtækjum eru einstaklingar sem skilja virðið í því að veita þennan stuðning. Ég get tekið minn vinnustað, Arion banka, sem gott dæmi, en í lok ársins 2016 verður bankinn búinn að fjárfesta í yfir 70 sprotafyrirtækjum í gegnum Startup Reykjavik og Startup Energy. Slíkt gerist ekki af sjálfu sér. Það þarf getu, vilja og skilning til að taka þannig verkefni að sér."

Þegar kemur að umræðu um nýsköpun í orkuiðnaði er ekki hægt að sleppa því að nefna aðgengi að fjármagni. „Á síðasta ári voru stofnaðir þrír nýir framtakssjóðir á Íslandi, Eyrir sprotar, Frumtak 2 og Brunnur vaxtasjóður. Allir sjóðirnir hafa nú þegar byrjað að fjárfesta. Í heildina eru þetta rúmlega 11 milljarðar sem þeir munu fjárfesta á árunum 2015-2018. Það þarf ekki að tíunda hvaða áhrif þetta hefur."

Ríkisvaldið þarf, að sögn Einars Gunnars, að halda áfram á núverandi braut, með því að einfalda regluverk og gera það aðgengilegra. „Mér sýnist vaxandi skilningur á því að íslensk fyrirtæki eru ekki bara í samkeppni við hvert annað, heldur er Ísland í samkeppni við önnur lönd um hæfa starfskrafta og eðlilega en vel samkeppnishæfa skattalega hvata fyrir frumkvöðla og fjárfesta. Einfalt og skilvirkt kerfi fyrir kauprétti starfsfólks sem koma inn á fyrstu stigum reksturs þarf líka að vera samkeppnishæft við útlönd. Aðalatriðið er þó að stöðugleiki í reglum og lögum sé til staðar. Hvikar breytingar fæla frá. Heilt yfir er ég jákvæður gagnvart þeirri þróun sem hefur átt sér stað. Það er margt ógert, en það er sýnilegur skilningur alls staðar í samfélaginu á mikilvægi nýsköpunar óháð geirum."

Hver er þín hugmynd?

Við leitum að hugmyndum að nýjum vörum eða þjónustu á sviði orku sem hafa burði til að keppa á alþjóðamarkaði.

Markmið

Startup Energy Reykjavik er að skapa umgjörð þar sem aðstandendur nýrra viðskiptahugmynda í orkutengdum iðnaði og tengdum greinum njóta ráðgjafar og leiðsagnar í þeim tilgangi að ýta af stað nýjum viðskiptatækifærum.

Startup Energy Reykjavik

Viðskiptahraðall Startup Energy Reykjavik fjármagnar og styður við verkefni og fyrirtæki í orkutengdum iðnaði og þjónustu. Teymin fá 5 milljónir í hlutafé og á tíu vikum vinna þau að því að fullmóta viðskiptahugmyndir sínar með aðstoð yfir 60 sérfræðinga. Í lokin kynna teymin viðskiptatækifæri sín fyrir mögulegum fjárfestum.




Umsóknarfrestur rennur út 21. júlí.
Sendu inn þína hugmynd á www.startupenergyreykjavik.com.

Landsvirkjun · Arion banki · Nýsköpunarmiðstöð Íslands · GEORG · ICELANDIC STARTUPS · Iceland geothermal · Startup Energy Reykjavik




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA




# Það er kraftur í þér

Gagnvirk orkusýning Landsvirkjunar við Ljósafoss varpar ljósi á orkuna sem býr í öllum hlutum.

Ljósafossstöð er í um 45 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík. Verið velkomin.

Opnunartíma og leiðarlýsingar má finna á landsvirkjun.is/heimsoknir



# Auðlindagarðurinn er einstakur

Sívaxandi áhersla er nú lögð á sjálfbæra og hagkvæma nýtingu auðlinda jarðar. Auðlindagarðurinn er sýnidæmi sem á örugglega eftir að rata í kennslubækur um hagkvæma nýtingu endurnýjanlegra orkulinda; dæmi um það hvernig hægt er á hagkvæman og umhverfisvænan hátt að nýta náttúruauðlind sem flestir töldu upprunalega að væri einungis nýtanleg til orkuframleiðslu.

Auðlindagarðurinn sem byggst hefur upp í grennd við jarðvarmaver HS Orku á Suðurnesjum er einstakur á heimsvísu, boðar nýja tíma, nýja hugsun og hvetur til enn frekari þróunar á aukinni og bættri nýtingu á því sem frá jarðvarmaverunum kemur. Fyrirtæki Auðlindagarðsins nýta hvert um sig með beinum hætti tvo eða fleiri auðlindastrauma frá jarðvarmaverum HS Orku og verða því af augljósum ástæðum að vera staðsett á Suðurnesjum í grennd við jarðvarmaverin. Starfsemi Auðlindagarðsins hefur byggst upp á sameiginlegum hagsmunum fyrirtækjanna, þ.e. affall eins er hráefni fyrir annan, nálægðinni og nánu þverfaglegu samstarfi. Með Auðlindagarðinum vill HS Orka vekja fólk til umhugsunar um þær verðmætu auðlindir sem fyrirtækinu hefur verið treyst fyrir og því falið að tryggja að endist kynslóð fram af kynslóð.

Markmið Auðlindagarðsins er „Samfélag án úrgangs", það er að nýta beri alla þá auðlindastrauma sem streyma inn í og frá fyrirtækjum garðsins til fulls og á sem ábyrgastan hátt, samfélaginu til framþróunar og heilla. Virkjun jarðhita á Suðurnesjum leggur til hráefni í fjölþætta framleiðslu. Í fjölnýtingunni er fólgið breiddarhagræði, þar sem sama hráefnið er nýtt í framleiðslu margra vörutegunda. Starfsemin innan Auðlindagarðsins einkennist af rannsóknum, þróun og nýsköpun. Hluti af starfsemi Auðlindagarðsins er að fylgjast með og skapa vettvang fyrir vísindi og tækniþróun svo að nýta megi betur auðlindastraumana og skapa þannig vettvang fyrir samvinnu fyrirtækja í ólíkum greinum og með ólíkan bakgrunn. Auðlindagarðurinn er því um leið öflugt og ört stækkandi frumkvöðlasetur.

**„Með Auðlindagarðinum vill HS Orka vekja fólk til umhugsunar um þær auðlindir sem fyrirtækinu hefur verið treyst fyrir.**

Það er jafnframt stefna HS Orku að byggja nýja auðlindagarða samhliða nýtingu jarðhita á öðrum svæðum. Fjölnýting auðlinda styður við haldbæra nýtingu þeirra og stuðlar að sjálfbærri þróun samfélagsins. HS Orka heldur ótrauð áfram að rækta Auðlindagarðinn sinn á skynsaman og ábyrgan hátt, samfélaginu til heilla.

**Nánar: www.audlindagardurinn.is**

# Nýting jarðhita í Reykholti á 13. öld

**Guðmundur Þorsteinsson** hefur kynnt sér nýtingu jarðvarma fyrr á öldum í Reykholti í Borgarfirði í meira en áratug. Snorri Sturluson þykir líklegur hugmyndasmiður að mannvirkjum sem komið hafa í ljós við fornleifauppgröft. Hér fara nokkur atriði úr athugunum Guðmundar.

Á árunum 1997 til 2006 fóru fram fornleifarannsóknir í Reykholti í Borgarfirði á vegum Þjóðminjasafns Íslands og fleiri stofnana. Dr. Guðrún Sveinbjarnardóttir stjórnaði þessum rannsóknum. Meðal annars hafa rannsóknir þessar leitt í ljós leifar mannvirkja sem virðast bera vitni um tilraunir til að nota jarðhita í hagnýtum tilgangi. Höfundur þessarar umfjöllunar hefur rýnt í skýrslur um þessar rannsóknir og fleiri heimildir í meira en áratug. Þeim mannvirkjum, sem tengjast notkun gufu úr hvernum Skriflu, virðist ekki hafa verið lokið en þau eru mjög sérkennileg og ekki mun vitað um önnur sambærileg. Hér eru nokkur atriði þessara athugana tekin úr óprentaðri grein og fjallað lítillega um þau.

Sögulegar heimildir og fornleifar staðfesta að heitt vatn frá hvernum Skriflu, sem liggur stutt frá bæjarstæðinu í Reykholti en nokkru lægra, hefur verið leitt gegnum tvær samhliða aðskildar lagnir, aðra mjög forna, í laug sem ætluð var til baða, Snorralaug. Tvær aðrar lagnir hafa verið rannsakaðar. Sú lengri fannst 1964 og liggur frá Skriflu í átt að bæjarhólnum. Þessi lögn er gerð með ýmsum hætti og höfundur telur að það sé gert til að finna bestu aðferð til að leiða gufu frá hvernum inn í bæjarhúsin. Styttri lögnin sem uppgötvaðist 1929 liggur inn í hús með gólfi af einstakri gerð, lagt hellum úr hverasteini og er hér nefnt helluhús. Líklegt er að staðið hafi til að tengja þessa lögn við þá lengri, ætlaða tilraunalögn,



Guðmundur Þorsteinsson hefur kynnt sér nýtingu jarðvarma á 13. öld.

sem mun hafa staðist væntingar.

Höfundur hefur fært rök fyrir því að styttri lögninni hafi verið ætlað að leiða gufu frá Skriflu inn fyrir virkisvegg og gegnum gaflvegg helluhússins og um bil sem eru á milli gólfhellnanna en þær eru vandlega skorðaðar í blöndu úr leir og möl. Þetta má skoða sem tvöfalt gólf með rými fyrir flæði lofts á milli gólflaga. Til að halda gufunni í rásunum hefði þurft að leggja torf yfir hellurnar sem lágu á neðra lagi, jarðvegi, og þá líklega með leir á milli fleiri laga torfsins til að minnka rakaflæði upp í og um hið eiginlega gólflag. Á miðju gólfi helluhússins virðist hafa verið unnið að gerð háfs til að flytja gufuna út og upp úr húsinu. Ætlunin virðist hafa verið að nota gufuna til að hita húsið með aðferð

**„Rómverjar notuðu stórar hellur eða eins konar steypu í sín gólf yfir holrýmin sem voru undir þeim. Reykurinn, sem kom frá eldstæði utanhúss, var leiddur um holrýmin og fór síðan út og upp úr þaki um rör í veggjum. Í Reykholti hefði heita loftið komið frá hvernum um lagnirnar.**

*Guðmundur Þorsteinsson*

sem þekkt var meðal Rómverja á stórveldistíma þeirra og nefndist hypocaust, í lauslegri þýðingu gólfhitun með eldi.

Rómverjar notuðu stórar hellur eða eins konar steypu í sín gólf yfir holrýmin sem voru undir þeim. Reykurinn, sem kom frá eldstæði utanhúss, var leiddur um holrýmin og fór síðan út og upp úr þaki um rör í veggjum. Í Reykholti hefði heita loftið komið frá hvernum um lagnirnar og átt að fara um bilin milli hellnanna, sem lágu á jarðvegi, og síðan út um háfinn. Engin leið er nú að vita hvaða hugmyndir hafa þá verið uppi um endanlegan frágang gólfs þar sem allar framkvæmdir þessarar fyrstu þekktu tilraunar til virkjunar gufu virðast hafa stöðvast snögglega ófullgerðar. Ef tekist hefði að koma í veg fyrir rakaflæði hefði mátt koma fyrir endingargóðu timburgólfi.

Hypocaust og ýmis afbrigði þess voru þekkt og notuð á Norðurlöndum á 13. öld.

Eina norska dæmið er frá Þrándheimi, áður Niðarósi, en þar þekktu Íslendingar vel til. Unnið var við þetta hitakerfi á árunum1231-52, en á þeim árum eða öldum voru steinsmiðir og arkitektar frá Englandi að byggja þar dómkirkju úr steini. Þeir munu hafa unnið, samkvæmt heimildum og eðli málsins, að gerð þessa einstaka afbrigðis en á árunum 1237-39 dvaldi Snorri Sturluson einmitt í Niðarósi. Í þetta afbrigði var notaður reykur frá eldi í sérstökum kyndiklefa en Snorri átti nægan reyk úr hvernum Skriflu heima í Reykholti. Hugmyndatengsl eru greinanleg og má rekja leið þekkingar á hypocaust frá Rómaborg til Englands og þaðan til Niðaróss og að lokum til Reykholts.

Þegar höfundur ályktar um gerð mannvirkjanna og hlutverk miðar hann við reynslu sína og annarra staðkunnugra manna af fjölbreytilegum verklegum framkvæmdum. Hann getur bent á ýmsa staði í nágrenni Reykholts þar sem hægt hefði verið að afla efnis til verksins. Þessi ætlaða tilraunalögn var þétt nægilega vel með leir til að hún hefði getað haldið í sér gufunni. Hins vegar lítur út fyrir að styttri lögninni, sem liggur inn í helluhúsið, hafi aldrei verið lokið. Ýmis atriði auðvelda að tímasetja lagningu hitakerfisins til Sturlungaaldar. Höfundur telur að verkið hafi stöðvast þegar Snorri Sturluson var veginn í Reykholti í september 1241.

Þrátt fyrir vantrú margra voru í byrjun 20. aldar uppi hugmyndir um virkjun hveravatns, bæði í fljótandi og loftkenndu formi, til hitunar íveruhúsa. Fyrsta þekkta nothæfa gufuvirkjunin var gerð á Sturlu-Reykjum á árunum 1908-11. Aðferðir og efni þess tíma sýna áhugaverðar hliðstæður við framkvæmdir miðaldamanna.



PIPAR\TBWA • SÍA • 152419

## Verður þín hugmynd að veruleika á Ásbrú?




*Annar stofnenda GeoSilica, Fida Muhammad Abu Libdeh, kom 16 ára til Íslands, flosnaði úr námi sakir lítils stuðnings í íslensku, en vissi samt alltaf innst inni að hún gæti náð langt. Svo fór að þessi kraftmikla kona frá Palestínu tók Háskólabrú Keilis, þar sem hún blómstraði bæði í íslensku og öðrum fögum. Að því loknu tók hún BSc-gráðu frá HÍ í umhverfis- og orkutæknifræði Keilis. Núna blómstrar hún í draumastarfinu á Ásbrú.*

# Hérna blómstrar ný-sköpunin

**Nýsköpunarfyrirtækið GeoSilica** hefur komið sér vel fyrir á Ásbrú innan um önnur framsækin tæknifyrirtæki, en þar eru unnar hágæða heilsuvörur úr kísil fyrir ört stækkandi markað, jafnt heima og erlendis.

Enda þótt saga GeoSilica sé ævintýri líkust er hún í anda þeirrar grósku og frumleika sem einkennir samfélagið á Ásbrú.

Kadeco

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar | Sími 425 2100 | www.asbru.is

ÁSBRÚ



# Mikilvægt að Ísland sé virkur þátttakandi

Stjórnvöld á Íslandi hafa unnið ötullega að útbreiðslu þeirrar jarðhitaþekkingar sem Íslendingar búa yfir. Benedikt Höskuldsson, sendifulltrúi hjá utanríkisráðuneytinu, segir stöðu Íslands í alþjóðlegu samstarfi um orkumál afar sterka.



Benedikt Höskuldsson, sendifulltrúi hjá utanríkisráðuneytinu, segir mikilvægara nú en nokkru sinni fyrr að Ísland sé virkur þáttakandi í alþjóðlegu samstarfi um orkumál. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Stjórnvöld hafa fyrst og síðast unnið að framgangi jarðhitans með markvissum kynningum í sendiráðum erlendis, hjá fjölþjóðastofnunum og í samstarfi við fjölmarga erlenda aðila sem áhuga hafa á íslenskri jarðhitaþekkingu,“ segir Benedikt og bendir jafnframt á að starfsmenn utanríkisþjónustunnar sinni fjölmörgum kynningum á fundum og ráðstefnum þar sem sendiskrifstofur séu til staðar í ríkjum eða á vettvangi stofnana á borð við FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, og víðar.

## Ísland nýtur sérstöðu

Benedikt segir Ísland njóta nokkurrar sérstöðu í orkumálum. „Sérstaðan markast fyrst og fremst af áralangri nýtingu jarðhita, bæði lághita til húshitunar og fjölnýtingar, meðal annars í ræktun, líftækni og ferðaþjónustu, og nýtingu háhita til raforkuframleiðslu,“ segir hann.

„Önnur mjög mikilvæg sérstaða er að Íslendingar nýta endurnýjanlega orkugjafa til raforkuframleiðslu og samþætta dreifingu hennar óháð uppruna,“ segir Benedikt og bendir á að fjölmörg ríki skorti þekkingu á því hvernig dreifa eigi orku. Til dæmis hvernig skipta eigi úr dreifingu jarðefnaeldsneytis á borð við kol, gas og olíu, og tengja yfir í dreifingu á hreinni og endurnýjanlegri orku.

„Að lokum er sérstaða Íslands í orkumálum ekki síst mannauðurinn sem að baki orkuiðnaðinum stendur,“ segir Benedikt. Ísland hafi, vegna sérstöðu sinnar, yfir að ráða hlutfallslega mjög stórum orkuiðnaði. „Það er ekki síst vegna stóriðjunnar sem hér eru orkufyrirtæki sem eru mjög samkeppnishæf. Þar má nefna verkfræðifyrirtæki, fyrirtæki í raforkuframleiðslu, vélsmiðjur, þjónustufyrirtæki og einnig sterkar stofnanir á borð við OS, ÍSOR, Umhverfisstofnun og fleiri. Þá má ekki gleyma Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna sem hefur verið starfræktur á Íslandi frá 1979.“

## Sterk staða Íslands

„Staða Íslands í alþjóðlegu samstarfi um orkumál er afar sterk,“ segir Benedikt. „Umfang og mikilvægi nýtingar endurnýjanlegra orkugjafa í efnahagslegu samhengi er risavaxið á Íslandi og

> „Umfang og mikilvægi nýtingar endurnýjanlegra orkugjafa í efnahagslegu samhengi er risavaxið á Íslandi og sú staðreynd er betur og betur þekkt innan fjölþjóða samfélagsins.
>
> *Benedikt Höskuldsson*

sú staðreynd er betur og betur þekkt innan fjölþjóðasamfélagsins,“ segir hann.

Benedikt bendir á að með gerð nýs loftslagssamnings – Parísarsamkomulagsins, sé ljóst að flest ríki jarðar hafi ákveðið að bregðast við minnkun losunar gróðurhúsaloftslagstegunda með auknni nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. „Í þessu samhengi ráðgera iðnríki að auka framlög sín til loftslagstengdra verkefna, og þar með orkuverkefna, margfalt með þátttöku fyrirtækja, banka og sjóða.“

Til þess að hrinda endurnýjanlegum orkuverkefnum á sviði jarðhitanýtingar í framkvæmd í framtíðinni segir Benedikt að þessar stofnanir muni í vaxandi mæli sækja þekkingu til þeirra sem búi yfir sérþekkingu og ekki síst reynslu sem nýst geti þróunarríkjum. „Staðan hefur því aldrei verið sterkari, mun vaxa áfram og nú þegar eru íslensk stjórnvöld helstu samstarfsaðilar fjölþjóðastofnana sem sinna þessum verkefnum. Þar má nefna IRENA, SE4All og Alþjóðbankann.“

Benedikt segir mikilvægara nú en nokkru sinni fyrr að Ísland sé virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi um orkumál. „Öll viðbrögð alþjóðasamfélagsins við loftslagsvandanum miðast við að auka hlut endurnýjanlegra orkugjafa. Þekking Íslands og reynsla svarar þeim viðbrögðum mjög vel á vettvangi jarðhitaþekkingar.“

## Gott samstarf milli ráðuneyta

Utanríkisráðuneytið og atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið, ANR, eiga í góðu samstarfi um jarðhitamál, að sögn Benedikts. „Samstarfið lýtur ekki síst að ýmsum samningum eða viljayfirlýsingum við ríki um samstarf á jarðhitasviðinu. Þá eiga ráðuneytin í margs konar samstarfi sem lýtur að þátttöku og starfi á vettvangi alþjóðastofnana með liðsinni sendiráða,“ útskýrir Benedikt.

Hann segir utanríkisráðuneytið þó ekki hlutast til um að fá fjárfesta til landsins. „Utanríkisráðuneytið fer ekki með málefni erlendrar fjárfestingar á Íslandi, þar eru önnur ráðuneyti líkt og ANR í forsvari. Íslandsstofa sem er stofnun sem heyrir að hluta til undir utanríkisráðuneytið er með Fjárfestingastofu innanborðs en hún starfar með ANR í þeim málaflokki,“ upplýsir Benedikt. Hann bendir þó á að sendiráð Íslands erlendis sinni oft kynningum eða fundarsetum með aðilum sem áhuga kunna að hafa á beinum fjárfestingum á Íslandi.

## Unnið gegn loftslagsbreytingum

Benedikt segir Ísland sannarlega leggja sitt af mörkum á alþjóðavettvangi þegar kemur að loftslagsbreytingum. „Annars vegar hefur Ísland lagt fram til Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna metnaðarfull áform um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda innanlands og umhverfisráðherra lagði fram á síðasta ári metnaðarfulla verkefnaáætlun sem lýtur að loftslagsmálum í tengslum við ríkjaráðstefnuna COP21,“ segir hann.

Þá sé Ísland að vinna með erlendum lykilstofnunum á sviði loftslagsmála, ekki síst stofnunum sem sinni orkutengdum verkefnum. Þar megi nefna Alþjóðabankann, IRENA og SE4All. „Ísland er í fararbroddi þegar að kemur að menntun sérfræðinga á sviði jarðvarma og landgræðslu, sem eru lykilmálefni til framtíðar til að sporna við neikvæðum loftslagsbreytingum.“

## Jarðvarmaklasinn mikilvægur

Inntur eftir því hvort mikilvægt sé að hafa sterkan jarðvarmaklasa á Íslandi svarar Benedikt: „Utanríkisráðuneytið fær fjölmargar fyrirspurnir árlega um samstarfsmöguleika erlendra stofnana og fyrirtækja við íslenska aðila. Í þessu samhengi er gífurlega mikilvægt að geta vísað slíkum fyrirspurnum til jarðvarmaklasans sem getur unnið frekar úr þeim. Jafnframt er mjög mikilvægt að sendiráð Íslands erlendis sem sinna mikið jarðvarmatengdum málefnum, í samstarfi við þjóðríki, stofnanir, fyrirtæki og svo framvegis, geti snúið sér beint til klasans varðandi faglega meðferð mála, sem þau eru að vinna að og tengjast iðngreininni.“



Sérfræðingar í jarðvarma

Verkís verkræðistofa | Ofanleiti 2 | 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is

VERKÍS VERKFRÆÐISTOFA

# Íslenskur iðnaður þarf að fá tækifæri

Hollusta við íslenskan iðnað er nauðsynleg samkvæmt Guðmundi Hagalín Guðmundssyni, forstöðumanni Orku náttúrunnar. Hann segir íslenska iðnaðar- og tæknimenn standa flestum framar fái þeir tækifæri og að Íslendingar hafi allt til að þjónusta flókinn vélbúnað.

Guðmundur Hagalín Guðmundsson, forstöðumaður virkjanareksturs Orku náttúrunnar, segir mikilvægt að gefa íslenskum iðnaði tækifæri. „Íslenskur iðnaður er jafngóður eða betri en annars staðar. Þegar við vorum að undirbúa okkar starf fórum við víða til að skoða og komumst að því. Við hjá Orku náttúrunnar hikum ekki við að láta gera hluti hér á landi ef við vitum um íslenska aðila sem vilja spreyta sig á þeim. Þeir sem bera ábyrgðina þurfa að hafa þekkingu og áræði og gefa iðnaðinum tækifæri,“ lýsir Guðmundur. Hann segir ekki öll orkufyrirtækin vera þannig, sum treysti sér ekki alltaf til að sleppa hendinni af þeim sem framleiða hlutina og búnaðinn.



Guðmundur Hagalín Guðmundsson, forstöðumaður virkjanareksturs ON.



Guðmundur segir Íslendinga hafa allt sem þarf til að þjónusta flókinn vélbúnað á heimsvísu.



Guðmundur segir mikilvægt að gefa íslenskum iðnaði tækifæri en iðnaðurinn hér er jafngóður eða betri en annars staðar að hans sögn. MYND/PJETUR

### Þarf tækifæri til að þróast

Svo hægt sé að auka hlut Íslendinga í því að þjónusta flókinn vélbúnað sem hingað til hafi þurft að kaupa að utan segir Guðmundur að þeir sem eigi slíkan búnað þurfi að hafa þekkingu sem geri þeim kleift að taka af skarið. „Þeir þurfa að vinna með iðnaðinum og gefa honum tækifæri til að þróast og takast á við verkefnin. Kostnaðurinn af því að kaupa þjónustuna frá öðrum löndum er meiri en af því að kaupa þjónustuna á Íslandi, þó svo að fyrstu sporin séu dýr eru þau ódýrari en ef þjónustan er keypt að utan.“

Samkvæmt Guðmundi eru innan við hundrað ár síðan vélsmiðja á Þingeyri við Dýrafjörð gerði við vélbúnað breskra togskipa. „Skipin fóru af Íslandsmiðum heim til Englands til löndunar á afla. Sigldu svo á Íslandsmið aftur en komu við á Þingeyri við Dýrafjörð til þess að láta endursmíða og laga það sem laga þurfti. Þá er ekki úr vegi að nefna Marel og Össur sem eru hátæknifyrirtæki á heimsvísu. Þá sjá íslensk fyrirtæki um viðgerðir og viðhald á íslenska togaraflotanum með ágætum árangri. Flugleiðir reka á Íslandi viðhald og eftirlit á flugflota sínum og fleiri eru til jafns við það besta sem gerist í veröldinni,“ útskýrir Guðmundur.

### Skortur á iðnmenntuðu fólki

Við Íslendingar höfum allt sem þarf til að bera til þess að þjónusta flókinn vélbúnað á heimsvísu, að sögn Guðumundar. „Við höfum verkfræðingana, markaðsfólkið og athafnafólkið sem hefur þekkingu á viðfangsefninu en iðnmenntað fólk er hér af skornum skammti. Fái íslenskir tækni- og iðnaðarmenn tækifæri standa þeir í flestum tilfellum framar en þeir erlendu í því hvað varðar sýn á viðfangsefnið vegna þess að uppeldið í fámennu samfélagi veitir sjálfkrafa aðgengi að miklum breytileika sem veldur því að við Íslendingar erum oft mjög fljótir að finna lausnir og gerum það vel. Þessi eiginleiki fer þó þverrandi en myndi byggjast upp aftur ef við aukum virðingu fyrir iðngreinum í landinu því án iðngreina höfum við ekkert að gera með verkfræðinga til þjónustu í iðnaði.“

### Þekkingin nýtist hér heima

Guðmundi finnst persónulega of mikið um að gerðir séu þjónustusamningar beint við erlenda aðila í stað þess að gera þjónustusamninga við íslensk iðnfyrirtæki. Hann segist ef til vill hugsa á öðruvísi máta en margir þar sem hann hafi búið um hríð í Danmörku.

„Við sem erum við stjórnvölinn þurfum að hugsa um íslenskan iðnað. Sem dæmi get ég nefnt að ef þú kaupir þér eldspýtnastokk í búð í Danmörku þar sem er til danskur stokkur og bandarískur þá er þér réttur danski stokkurinn ef þú biður ekki um hinn. Ef þú biður hins vegar um þann bandaríska þá horfa þeir í augun á þér eins og þú sért ekki í lagi og hugsa: „Hvernig dettur þér í hug að okkar hendur hafi ekki vinnu ef þú kaupir þetta frá Bandaríkjunum?“

Ég hef svolítið haft þetta í huga með orkuiðnaðinn. Þar sem við höfum haft beinan samning við erlenda aðila og hægt hefur verið að flytja samninginn, þá höfum við gert það, flutt hann yfir til íslenskra aðila. Þá þjónusta þeir okkur en sækja sér þá þekkingu sem vantar til þeirra aðila sem samningurinn var við áður, sem eru þá framleiðendur búnaðarins. Þannig nýtist þekkingin þeim til að sinna öðrum í landinu og þekkingin situr eftir hér,“ lýsir Guðmundur og bætir við að þess konar hollusta við iðnaðinn í landinu sé afskaplega mikilvæg. „Ef við kaupum alla þekkingu að utan erum við bara að halda við erlendri þekkingu. Við verðum fyrst og fremst að hugsa um okkur sjálf.“

### Standa jafnfætis erlendum aðilum

Framtíðarsýn Guðmundar er sú að með viðhaldsstarfsemi Orku náttúrunnar byggist upp þekking. „Starfsemin er þegar komin það langt að ekki verður aftur snúið. Sá tími mun því koma að Íslendingar standa jafnfætis erlendum aðilum og taka að sér viðhald á háþróuðum vélbúnaði jarðgufuraforkuvera. Við þekkjum kröfurnar og vitum hvert við þurfum að leita,“ segir hann.

# Einstakar jarðminjar

**Reykjanes Geopark** býður upp á fjölbreyttar og einstakar jarðminjar. Garðurinn fékk sérstaka vottun á síðasta ári sem aðstandendur vona að efli enn frekar ferðaþjónustu á Reykjanesi. Í sumar verður lögð áhersla á áframhaldandi uppbyggingu.

Reykjanes Geopark fékk formlega vottun sem „geopark“ á þrettándu haustráðstefnu European Geoparks Network í Rokua Geopark í Finnlandi í september 2015. Þar með varð Reykjanesskagi hluti af verndaráætlun Unesco eða Unesco Global Geopark.

Að sögn Róberts Ragnarssonar, stjórnarformanns Reykjanes Geopark, voru markmiðin með stofnun garðsins í upphafi að ná saman hagsmunaaðilum til að byggja upp þróunaráætlun um uppbyggingu ferðaþjónustu sem byggir á einstökum jarðminjum Reykjaness. „Í áratugi hefur verið rætt um mikilvægi þess að gera svæðinu betri skil, t.d. með stofnun eldfjallagarðs, jarðminjagarðs eða stærri fólkvangs. Ari Trausti Guðmundsson hefur verið einn helsti hvatamaður þessara hugmynda og byggjum við á þeim. Þegar við kynntumst hugmyndafræði geoparka, í gegnum Kötlu Geopark, sáum við að þetta myndi henta okkur. Árið 2012 stofnuðum við Reykjanes Geopark og í fyrra fengum við alþjóðlega vottun eins og fyrr segir.“

Róbert segir aðstandendur garðsins hafa væntingar til þess að fleiri ferðaþjónustuaðilar komi að verkefninu og nýti sér vottunina til að bjóða upp á einstaka jarðminjaferðamennsku. „Við vonum að tekjur fyrirtækja í ferðaþjónustu á Reykjanesi aukist, góðum störfum fjölgi og að virðisaukinn verði sem mest eftir á svæðinu.“

Í garðinum má m.a. finna flekaskil Ameríku og EvróAsíu og hægt er að fylgja þeim sprungum áfram inn í landið. „Þetta er einstakt á heimsvísu, að geta séð flekaskilin, en þau eru grunnur þess sem hér er og fólk vill skoða; jarðvarmann, gígaraðir, hraunbreiðuna, háhitasvæðin, Bláa lónið og orkuvinnsluna. Allt þetta og meira til má sjá á frekar litlu svæði sem er einstakt. Á tveimur dögum er hægt að sjá í Reykjanes Geopark jarðminjar sem eru vítt og breitt um heiminn.“

Í sumar verður áhersla lögð á áframhaldandi uppbyggingu á Reykjanesi og nýtt verkefni við Brimketil, að sögn Róberts. „Kafarar hafa sýnt áhuga á uppbyggingu köfunaraðstöðu við Bjarnagjá svo dæmi sé tekið. Reykjanes Geopark, ásamt Reykjanesbæ, er að vinna úr umsóknum um lóð fyrir þjónustumiðstöð við Valahnjúk sem ég bind miklar vonir við. Við erum líka að berjast fyrir því að fá stuðning ríkisins fyrir landvörslu á svæðinu, en það er afar mikilvægt verkefni.“



Róbert Ragnarsson er stjórnarformaður Reykjanes Geopark.

> „Við vonum að tekjur fyrirtækja í ferðaþjónustu á Reykjanesi aukist, góðum störfum fjölgi og að virðisaukinn verði sem mest eftir á svæðinu.
>
> *Róbert Ragnarsson*



Kleifarvatn og Sveifluháls tilheyra Reykjanes Geopark. MYND/MARKAÐSSTOFA REYKJANESS

**Nánari upplýsingar um Reykjanes Geopark má finna á www.reykjanesgeopark.is.**

# Íslenski orkuháskólinn

Markmið Íslenska orkuháskólans í HR er að mennta sérfræðinga framtíðarinnar á sviði endurnýjanlegrar orku. Þau **Fritz** frá Þýskalandi, **Viviana** frá Brasilíu og **Dagur** frá Íslandi hafa góða reynslu af náminu. Þau eru ánægð með þá tengingu sem það hefur við orkuiðnaðinn.

Íslenski orkuháskólinn í Háskólanum í Reykjavík býður upp á fjölbreytt úrval námskeiða og námsleiða á meistarastigi en einnig fyrir sérfræðinga í greininni. „Auk Háskólans í Reykjavík standa Orkuveita Reykjavíkur og Íslenskar orkurannsóknir að náminu. Aðrir samstarfsaðilar eru t.d. Landsvirkjun, Green Energy Group, Arctic Circle, íslenskar verkfræðistofur og ýmis samtök í geiranum. Einnig er lögð rík áhersla á erlent samstarf til dæmis við háskóla á borð við Harvard og Tufts í Bandaríkjunum og Tinajin háskóla í Kína," segir Halla Hrund Logadóttir, framkvæmdastjóri námsins.

Yfir 90% nemenda Íslenska orkuháskólans koma að utan. Þau Dagur Helgason, Fritz Steingrube og Viviana Leon Rincon hafa öll stundað nám í skólanum frá því í haust. Dagur lauk efnaverkfræði frá HÍ fyrir tveimur árum. Hann var ákveðinn í því að fara í eitthvert nám tengt orkuiðnaði og jarðhita. „Ég leitaði víða um heim en datt svo niður á Íslenska orkuháskólann sem passaði fullkomlega við það sem ég var að hugsa. Þar er fókuserað á jarðhitann sem er mitt helsta áhugasvið," segir Dagur. Honum líkar námið mjög vel. „Hér hefur maður góða tengingu við fagaðila og við höfum til dæmis unnið mikið með Íslenskum orkurannsóknum. Þá er námið mjög persónulegt, við höfum greiðan aðgang að kennurunum og mörgu góðu fagfólki."


Hér eru meistaranemarnir Fritz Steingrube, Dagur Helgason og Viviana Leon Rincon með Höllu Hrund Logadóttur, framkvæmdastjóra Íslenska orkuháskólans. MYND/PJETUR

> **Hér hefur maður góða tengingu við fagaðila og við höfum til dæmis unnið mikið með Íslenskum orkurannsóknum. Þá er námið mjög persónulegt, við höfum greiðan aðgang að kennurunum og mörgu góðu fagfólki.**
>
> *Dagur Helgason, meistaranemi*

